



Hjálmur

fréttablað

Verkalýðsfélagið Hlíf
óskar félagsmönnum
og Hafnfirðingum öllum
gleðilegrar aðventu og
hamingjuríkra jóla!



[6]

Það gengur aldrei að allir vilji vera
kóngurinn eða drottningin



[13]

Níutíu og fimm ár frá stofnun
Framtíðarinnar



[24]

Samkomulag um breytingar
á vinnutíma

Við lifum á óvenjulegum tímum

Leiðari eftir Kolbeinn Gunnarsson, formann Verkalýðsfélagsins Hlífar



Við lifum á óvenjulegum tímum, þar sem COVID-19 veiran hefur sett þjóðfélagið allt í áður óþekkta stöðu. Allir hafa þurft að gera róttækar breytingar á lífi, starfi og lífsháttum almennt. Þetta hefur haft áhrif á starf Hlífar, til viðbótar við þau áhrif sem einstakir félagsmenn hafa orðið fyrir.

Þrátt fyrir þetta hefur verið gengið frá kjarasamningum fyrir stóra hópa á vinnumarkaði. Þar má nefna starfsfólk ríkis og sveitarfélaga. Auk þess náðust samningar við álverið í Straumsvík, eftir langar og strangar viðræður. Ennfremur gerði Hlíf kjarasamning ásamt VSKF við Samtök fyrirtækja í Velferðarþjónustu og Sorpu, í samvinnu við Eflingu. Gengið var frá samningi við Kerfóðrun þann 4. desember og í kjölfarið verða greidd atkvæði um hann. Jafnframt er hafin vinna við gerð stofnanasamninga fyrir þá félagsmenn sem starfa eftir samningum við SFV, en þar er um að ræða starfsfólk á Sólvangi og á Hrafnistuheimilunum í Hafnarfirði og Garðabæ. Allir þessir samningar eru að miklu leyti byggðir á samningnum á almennum markaði, svokölluðum Lífskjarasamningi. Þar er byggt á

krónutöluhækkun, sem kemur best út fyrir þá sem eru á lægri launum. Auk þess var samið um að þegar hagvöxtur verði á ný í samfélaginu, þegar land fer að rísa, þá fái launafólk hlutdeild í vextinum. Verði hagvöxtur á bilinu 1-3% getur hagvaxtaraukinn gefið 3.000 til 13.000 krónur á mánuði.

Í öllum þeim samningum sem hafa verið gerðir í þessari lotu eru ákvæði um styttingu vinnutímans. Síðast var samið um styttingu vinnutímans fyrir 50 árum, en þá var farið úr 44 í 40 stundir og dagvinna á laugardögum frá 8:00 – 12:00 lögð af. Þetta er afar mikilvægur áfangi sem á eftir að hafa áhrif á allan vinnumarkaðinn og lífsgæði launafólks á komandi árum. Miðað er við að útfærsla ákvæðisins geti verið misjöfn eftir vinnustöðum og byggi á samráði og umbótasamtali á hverjum vinnustað fyrir sig. Í ítrustu útfærslum á vinnutíminn að geta styst um allt að fjórum stundum, úr 40 í 36 stundir, miðað við fullt starf og dagvinnu. Ákvæðið á að taka gildi um áramótin hjá dagvinnufólki, en enn er unnið að útfærslum hjá vaktavinnufólki og gert er ráð fyrir því að það taki gildi 1. maí. Allir þeir samningar sem gerðir hafa verið, hafa

verið samþykktir með yfirgnæfandi meirihluta í atkvæðagreiðslum félagsmanna.

Covid- áhrifin á samfélagið og áhrifin á félagið og starf þess

Veiran sem hefur herjað á heimsbyggðina hefur sett allt úr skorðum. Miklar truflanir hafa orðið bæði á vinnustöðum og heimilum og ferðir milli landa hafa að mestu leyti lagst af. Mestan hluta ársins hafa gilt fjöldatakmarkanir og hvatning um að sótthreinsa sem mest og nota andlitsgrímur þar sem fólk kemur saman. Allt þetta hefur valdið verulegri samfélagsröskun af áður óþekktri stærð.

Við glíum við mikið atvinnuleysi, sem má að stórum hluta rekja til afleiðinga heimsfaraldursins. Ferðapjónusta hefur hrunið. En ástandið hefur líka kennt okkur að hugsa ýmislegt upp á nýtt, meðal annars á vinnustöðum. Hægt er að leysa margskonar viðfangsefni og erindi sem fram að þessu hafa þýtt að fólk hefur farið á fundi og komið saman, með nýjum hætti. Vinnufundir hafa margir breyst í fjarfundi og félagsmenn sinna sínum erindum í ríkari mæli með tölvupósti og

SKRIFSTOFA
VERKALÝÐSFÉLAGSINS
HLÍFAR
Reykjavíkurvegi 64

OPNUNARTÍMI:

Mánudaga til föstudaga
frá kl. 8:30 til 16:00
Sími: 5100 800
Fax: 5100 809

Veffang: www.hlif.is
Netfang: hlif@hlif.is
Ábyrgðarmaður:
Kolbeinn Gunnarsson

Útgefandi: Verkalýðsfélagið Hlíf
Ritstjórn: Guðmundur Rúnar Árnason
Umbrot: Baldvin Baldvinsson
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



rafrænum umsóknum.

Við horfum stundum rætt þetta þegar fjallað hefur verið um framtíðarsýn og haldnir hafa verið fjölmennir fundir og ráðstefnur um fjórðu iðnbyltinguna svokölluðu.

Stefnumótun og samstarf stjórnvalda og annarra samfélagslegra burðarása svo sem verkalýðshreyfingarinnar mun skipta sköpum í að koma í veg fyrir að skaðinn sem við verðum fyrir af kreppunni verði langvinnur. Sérstaklega þarf að horfa til ákveðinna hópa í því sambandi. Efnahagslegur samdráttur samhliða COVID-19 dreifist með mismunandi hætti eftir svæðum og eftir samsetningu atvinnulífsins á hverjum stað. Því til viðbótar kemur samdrátturinn með misjöfnum hætti niður á hópum útrá kyni, aldri og uppruna. Samdrátturinn hefur komið illa niður á aldurshópnum 16–24 ára á vinnumarkaði. Fjölgun ungs fólks sem hvorki er í námi né vinnu er mikið áhyggjuefni. Atvinnuleysi erlendra ríkisborgara er langt umfram meðaltal síðustu ára. Eins þarf að huga að þeim einstaklingum sem voru atvinnulausir

fyrir Covid og hafa gengið á sinn bótarétt. Margir falla brátt af bótum þar sem enga vinnu hefur verið að fá. Á sama tíma hafa þeir sem eru á hlutabótaleið ekki gengið á sinn rétt til atvinnuleysisbóta.

Lífið eftir Covid

Þegar þetta er skrifað ríkir nokkur bjartsýni um þróun bóluefnis. Það eru virkilega jákvæðar fréttir fyrir heimsbyggðina. Vonast er til þess að hægt verði að byrja að bólusetja fljótlega á næsta ári og lífið færir í eðlilegra horf.

Það fer þó ekki allt af stað á einni nóttu eftir að bólusetning hefst. Þetta tekur einhvern tíma og það verður að forgangsraða með tilliti til aldurs, heilsufars og eðlis starfa.

Það verður líklega aldrei allt eins og það var fyrir Covid. Margir vinnustaðir hafa þegar gert skipulagsbreytingar og einhverjir munu fækka starfsfólki þegar þegar þeir komast upp með meiri hagræðingu. Í sumum geirum mun heimavinna aukast, enda ýmis verkefni sem hægt er að leysa með hjálp tölva og þá skiptir ekki alltaf máli hvar starfsmaðurinn er staðsettur.

Veiran verður þannig óvæntur gerandi í að hraða innleiðingu fjórðu iðnbyltingarinnar.

Kolbeinn Gunnarsson, formaður Verkalýðsfélagsins Hlífar



Jólaþakveðjur til félagsmanna Hlífar



VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLIÍF

Umhverfisvæn þrif með ENJO

ENJO Reykjavíkurvegi 64 - Hafn
office@is.enjo.com Sími 555 1515

Vefverslun: shop.enjo.is





Þrjátíu samvinnuhús í Hafnarfirði

Reynir Ingibjartsson, forvígismaður Fífilbrekku, bendir Kolbeini á eitthvað áhugavert á einu spjaldanna.

Haustið 2020 var sett upp ljósmyndasýningin *Þrjátíu samvinnuhús í Hafnarfirði*, á planinu þar sem Kaupfélag Hafnfirðinga var á sínum tíma – milli Fjarðar og Pennans. Myndunum fylgir greinargóður skýringartexti, sem er gott innlegg í sögu samvinnustarfsemi í bænum.

Sýningin er liður í verkefni sem félagið Fífilbrekka ehf. hóf árið 2015, en það felst í að láta taka myndir af öllum húsum á landinu sem tengdust samvinnustarfsemi. Miðað var við tímabilið 1882-1982. Hugmyndin er síðan að leita uppi eldri myndir af sömu húsum og efna til ljósmyndasýninga víðsvegar um landið,

með yngri og eldri myndum. Teknar hafa verið alls 1.625 myndir.

Verkamannafélagið Hlíf var mikilvægur þátttakandi í uppbyggingu samvinnustarfs í Hafnarfirði. Það stofnaði meðal annars Pöntunarfélag Verkamannafélagsins Hlífar árið 1931. Þetta félag sameinaðist síðan Pöntunarfélagi verkamanna í Reykjavík og Kaupfélagi Reykjavíkur árið 1937 og þá varð til Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis (KRON), sem rak verslun að Strandgötu 28. Þessi verslun og hafnfirska deild í KRON varð síðan að Kaupfélagi Hafnfirðinga árið 1945.

Félagið kemur mjög við sögu á sýningunni. Það er bæði vegna þess að Hlíf beitti sér fyrir stofnun samvinnufélaga, en ekki síður vegna þess að félagið hefur á þeim 113 árum sem það hefur starfað oft verið með starfsemi í húsum þar sem jafnframt hefur verið rekin samvinnustarfsemi, þótt það hafi ekki endilega verið á sama tíma.

Verkalýðsfélagið Hlíf styrkti uppsetningu þessarar merku sýningar. Á góðviðrisdögum í haust mátti oft sjá fólk skoða spjöldin.



Á spjöldunum má lesa um marga merka áfanga í starfi Verkalýðsfélagsins Hlífar.



ÍSLENSK VERÐBRÉF BJÓÐA FJÖLBREYTTA FJÁRFESTINGARKOSTI OG SPARNAÐARMÖGULEIKA

Hægt er að eiga viðskipti með sjóði í rekstri ÍV sjóða hf.
í gegnum **Verðbréfavef ÍV** á **iv.is**

VERÐBRÉFAVEFUR ÍV Á **WWW.IV.IS**



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —



Það gengur aldrei að allir vilji vera kóngurinn eða drottningin

Rætt við Ólaf Pétursson, sem lét af störfum í stjórn Hlífar á síðasta aðalfundi, eftir langt og farsælt starf.

Ólafur Pétursson, eða Óli P. eins og hann er gjarnan kallaður, hefur verið viðloðandi verkalyðsmál frá unga aldri. Hann var í stjórn Vöku á Siglufirði meðan hann bjó þar og hóf þátttöku í starfi Hlífar fljótlega eftir að hann flutti til Hafnarfjarðar og var kjörinn í stjórn félagsins árið 2006, þar sem hann sat óslitið þar til á síðasta aðalfundi, eða alls um 14 ár. Við ræddum við Ólaf í tilefni af þessum tímamótum.

Ólafur er Bolvíkingur, reyndar fæddur í Skálavík árið 1947 og þar var hann fyrstu tvö árin. Hann er tvíbur og móðir hans einnig. Raunar átti móðuramma hans sex sinnum tvíbura og þrisvar sinnum einbura, alls 15 börn og eitt fósturbarn að auki. „Við erum sex systkin, þjuggum bæði í Tungu og Meirihlíð, sem eru sveitabærir fram af Bolungarvík. Þaðan fluttum við síðan inn í bæinn. Ég flutti síðan frá Bolungarvík þegar ég var um tuttugu og tveggja ára gamall.“ Ólafur byrjaði snemma til sjós, 15 ára gamall. Fyrst var hann á Guðmundi Péturs, hjá Jóhanni skipstjóra, bæði á netum og síld. „Af því að ég var ekki nema 15 ára, sögðu strákarnir mér að ég yrði að segja skipstjóranum að ég væri orðinn sextán, annars fengi ég ekki plássíð“, segir Óli. „Ég var eini Bolvíkingurinn um borð, allt hitt voru Ísfirðingar. Ég var tvö eða þrjú ár á síld og eitt sumarið vorum við með hæstu bátum. Það var oft mikil þénusta.“

Hætti sjómennsku

Síðan fór Ólafur yfir á annan bát, Heiðrúnu II, en báturinn sökk í Ísafjarðardjúpi í aftakaveðrinu 4. febrúar 1968. „Þá hætti ég eiginlega til sjós. Ég var ekki um borð, en var á leiðinni niður bryggjuna til þess að fara um borð. Ég hafði hitt mann uppi í bæ sem sagði mér að það væri verið að leita að mér. Ég fór bara heim til að hafa fataskipti og flýtti mér svo niður eftir. Skipið slitnaði frá á meðan. Það var reyndur skipstjóri sem átti að fara með, en hann komst ekki heldur um borð. Maðurinn sem fór með skipið var vélamaðurinn.“ Heiðrún II sökk og með henni fórust sex menn, þar á meðal tveir synir þess sem var með skipið. Þetta var mikið mannskaðaveður, þar sem fórust meðal annars breskir togarar.

„Fljótlega eftir þetta hætti ég til sjós. Þetta sat í mér“, segir Ólafur. Hann fór þá að vinna í landi og flutti suður fljótlega upp úr því. „Ég var eitt ár til sjós hérna fyrir sunnan en ég taldi ekkert í því. Þá fór ég að vinna hjá Jarðborunum ríkisins. Þar var ég lengi og var mikið uppi um fjöll og firnindi. Það er eiginlega skemmtilegasti tíminn sem ég hef verið í vinnu. Ég fékk að kynnst landinu svo vel. Það var verið að bora í sambandi við virkjanir og í kringum uppistöðulónin. Til dæmis var mikið borað í kringum Blöndu.“

Þarna hófust fyrstu afskipti Óla af verkalyðsmálum. Starfsmenn vildu fá í gegn leiðréttingu á kjörum eða aðbúnaði, sem

fékkst ekki. Þá ákvað starfsfólkið að það þyrfti að fá einhvern til að fara niður í Dagsbrún og ræða við félagið. „Ég man ekki hvort ég bauðst til þess eða var valinn. Ég man þó það, að ég fór niður eftir og hitti Guðmund Jaka. Ég sagði honum um hvað málið snerist, en hann sagðist eiginlega ekki vera inni í þessum málum, þau væru á könnu þratar Ólafssonar. „*Komdu samt inn*“, sagði hann. „*Við skulum skoða hvort ég get gert eitthvað.*“ Jakinn settist í stólinn sinn og setti fætuna upp á borð og tóbaksdósirnar á ístruna. Hann hringdi í Karl Ragnars, forstjóra. Þeir töluðu lengi. Það heyrðist í gegnum símann að Karl var orðinn æstur, en Guðmundur hélt alltaf áfram: „*Þetta eru góðir menn sem þú ert með, menn með mikið verkvit og það má ekki tapa því*“ og svo framvegis.“ Guðmundur hélt áfram þar til Karl lét sig og þetta var samþykkt. Fyrstu afskiptin af verkalyðsmálum gengu því ágætlega.“

Kynntist konunni á Siglufirði

Ólafur starfaði alllengi hjá Jarðborunum. Hann vann á stórum bor og það var víða borað, meðal annars á Siglufirði og í Urriðavatni nálægt Egilsstöðum. „Þegar við vorum á Siglufirði kynntist ég konunni. Ég hætti hjá Jarðborunum fljótlega eftir að ég fór að búa þar. Ég keyrði á milli í einhvern tíma, en það gekk ekki til lengdar.“

Ýmislegt dreif á dagana í þessum ferðum



Forðum barðist Þormóður rammi við Ólaf bekk um Hvanndali. Baráttan heldur áfram og enn kemur Ólafur við sögu: Ólafur Péturs er settur til varnar því að Ólafur Ragnar selji Þormóð ramma í hendur Ólafi Marteins!

Úr siglfrisku bæjarblaði.

og sumar snerust upp í að vera svaðilfarir. „Einhvern tímann vorum við að bora á Flúðum og ég á leiðinni til Siglufjarðar í helgarfrí. Mér var sagt að það væri hægt að fara Kjöl, því það væri ekkert mikið í ánum. Ég lagði af stað og villtist á línuvegi, lenti í ógöngum, festi bílinn sem ég reyndi að losa langt fram á kvöld.“ Hann mundi eftir að hafa ekið fram hjá gangnamannakofa skömmu áður og ákvað að ganga þangað, orðinn rennandi blautur. „Þarna voru allar græjur, allt til alls, nema eldspýtur.“ Þarna hafðist hann við í kuldanum fram eftir nóttu, hafði ekkert að breiða ofan á sig nema dýnu. Síðan lagði hann aftur af stað um sexleytið um morguninn og gekk allan daginn. „Mér fannst ég alltaf vera að ganga í norður. Um ellefu um kvöldið kom ég í Kerlingarfjöll. Þá var farið að leita og gera ráðstafanir. Þar hitti ég útlendinga sem keyrðu mig niður á Hveravelli. Þar beið ég þangað til björgunarsveitin kom frá Blönduósi til að ná í mig. Það var farið að svipast um eftir mér að sunnan líka. Þetta fór allt saman ágætlega. Morguninn eftir kom svo maður frá Siglufirði, Gulli Haralds, að sækja mig.“ Ólafur rifjar upp aðra svaðilför, þegar hann var á leiðinni heim til Siglufjarðar, lenti í miklum snjó, festi bílinn og sat fastur alla nóttina, þar til vegagerðarmenn komu morguninn eftir og leystu bílinn. Þeir sögðu að ekkert yrði mokað þennan daginn, þannig að Óli fór gangandi til Siglufjarðar. „Göngin voru komin, en það

var ófært báðum megin við þau. Eftir þetta hætti ég hjá Jarðborunum og fór að vinna hjá Þormóði ramma. Þar var ég mikið í saltfiski, sótti námskeið á Eskifirði og varð saltfisksmatsmaður og aðstoðarverkstjóri.“


Kjörinn í stjórn Vöku

„Ég fór fljótlega að sækja fundi í verkalýðsfélaginu“, segir Ólafur. „Þar voru alltaf reglulegir fundir, vel sóttir. Þá var Kolbeinn Friðbjarnarson formaður, sá merki maður. Það er sá albesti maður sem ég hef kynnst í sambandi við verkalýðsmál og hef þó kynnst mörgum góðum. Áður en langt um leið var ég kominn í stjórn Vöku.“ Ólafur segist hafa haft það fyrir vana að heimsækja Kolbein á skrifstofuna hálfsmánaðarlega til að drekka kaffi með honum og ræða verkalýðsmál. „Það var góður skóli. Það var ekki síður góður skóli þegar mér var boðið upp á að fara í félagsmálaskólann.“ Tvisvar fór Ólafur í félagsmálaskólann í Ölfusborgum, hálfan mánuð í hvort skipti. „Þeir sögðu það karlarir fyrir norðan að ég hafi ekki haldið kjafti eftir að ég fór á þennan félagsmálaskóla, því ég væri með opinn munninn á öllum fundum, líka stjórn mála fundum, því ég fór að skipta mér af stjórn mála líka.“ Ólafur var í Sjálfstæðisflokknum, fór meðal annars í framboð til bæjarstjórnar. „Það kom fyrir að við Kolbeinn rifumst, hann var Alþýðubandalagsmaður, en við vorum alltaf bestu vinir.“ Ólafur heldur að

hann hafi verið um það bil 15 ár viðloðandi stjórnarsetu í Vöku. Hann sat í stjórn með bæði Hafþóri og Signýju, sem nú er í Borgarnesi. „Það var heilmikið mál að koma henni inn í stjórnina. Hafþór Rósmundsson, sem þá var formaður, kom til mín í vinnuna og bað mig að tala við sig. Það var tveggja eða þriggja tíma samtal. Ég vildi fá annan formann og gera fleiri breytingar á stjórninni. Ég vildi ráða meiru sjálfur. Ég var farinn að velta því fyrir mér að fara á móti stjórninni og var búinn að fá mann með mér, Alþýðubandalagsmann, því ég vissi að það þýddi ekkert fyrir mig að fara að bjóða mig fram, Sjálfstæðismaðurinn. Það hefði allt orðið vitlaust á Siglufirði hefði það orðið. Svo varð ekkert úr þessu, við létum kyrrt liggja og ég var áfram með í stjórninni.“ Ólafur sótti mörg þing fyrir Vöku, bæði hjá Verkamannasambandinu og Alþýðusambandinu. „Þar kynntist ég mörgu góðu fólki.“

Salan á Þormóði ramma

Þegar Ólafur var virkur í bæjarpólitíkinni á Siglufirði var ákveðið að ríkið seldi Þormóð ramma. Þeir sem stóðu fyrir málinu vildu sameina fyrirtækið litlu fyrirtæki sem var einkum í rækjuvinnslu og Ólafur Marteinson og fjölskylda áttu. Síðan átti að selja þetta sem eitt fyrirtæki. „Ólafur Ragnar Grímsson var þá fjármálaráðherra. Hann vildi selja Róberti Guðfinnssyni forstjóra, en ég og fleiri vildum að



Ólafur flutti frá Bolungarvík þegar hann var um tuttugu og tveggja ára gamall.

fólkið keypti þetta sjálf. Við hlupum út um allan bæ til að fá menn til að skrifa undir og búið var að safna þó nokkrum peningum. Við urðum að senda tilboð suður fyrir klukkan tólf um kvöld á tilteknum degi. Við vorum sannfærðir um að þeir sætu saman í ráðuneytinu, Ólafur Ragnar og Róbert og biðu eftir tölunni sem kæmi frá okkur, svo þeir gætu haft sína örlítið hærrí." Ólafur var áfram hjá fyrirtækinu eftir að Róbert og félagar eignuðust það. „Mér hefur alltaf líkað vel við hann og þótti gott að vinna hjá honum. Ég hef sagt við hann síðan, að mér sárni þetta ekkert með kaupin, sérstaklega eftir að hann kom aftur til Siglufjarðar með alla peningana sem hafa farið þar í uppbyggingu."

Atvinna var farin að dragast saman og þá ákvað fjölskyldan að flytja suður. Það var skömmu fyrir aldamótin. „Ég byrjaði á að vinna í saltfiskverkun, var þar í um tvö ár. Síðan var ég í álverinu í 17 ár og hætti að vinna fyrir um sex árum."

Hann saknaði samt fljótt starfsins í verkalyðfélaginu og fór að spyrjast fyrir um hvort hann gæti ekki verið í einhverju verkalyðsfélagi hér í bænum. „Mér var bent á Verkstjórufélagið. Ég byrjaði þar og var í einhvern tíma. Ég fór síðan í Hlíf fljótlega eftir að ég byrjaði í álverinu, þekkti Sigga T. þokkalega frá fundum og þingum áður. Ég byrjaði fljótt að skipta mér af málum í álverinu eftir að ég byrjaði þar og varð snemma trúnaðarmaður."

Það liggur beint við að spyrja Ólaf hvernig honum finnst hlutirnir hafa þróast í hreyfingunni þá áratugi sem hann hefur verið viðloðandi. „Mér finnst þróunin hafa verið leiðinleg. Starfið hefur

farið dofnandi. Það er eins og fólk sé hætt að skipta sér af verkalyðsmálum. Það vantar samt ekki að það sé margt ljómandi gott fólk, til dæmis í þessu félagi." Það er augljóst að Ólafi er mikið niðri fyrir og hann heldur áfram. „Það verður aldrei svoleiðis að þú þurfir ekkert að hafa fyrir því að sækja launin þín. Þess vegna verður fólk að skipta sér af. Fólk á aldrei að láta aðra um það, það á að gera það sjálf. Það verður alltaf mikið betra." Ólafur segir þó að áhugaleysi um félagsstarf sé engan veginn bundið við verkalyðshreyfinguna. Þetta sé mjög almennt.

Að sögn Ólafs sótti fólk fundi lengur úti á landi en hér á suð-vesturhorninu. Hann segir það líklega að einhverju leyti vegna þess að það var minna úr að velja. „Fólk hafði fundi í verkalyðsfélaginu og stjórnmálafundi og það kom fullt af fólki. Það var stutt að fara og ekki annað að sækja. Hér fyrir sunnan var fleira við að vera og fólk sækir ekki svona fundi. Mér finnst þetta alls ekki góð þróun. Fólk verður að fara að skilja að það verður að sækja þetta sjálf. Það er ekki alltaf hægt að segja að verkalyðsfélagið eigi að gera hlutina ef það hefur ekki stuðninginn af fólkinu."

Við spyrjum Ólaf hvort hægt sé að bregðast við þessari þróun og þá með hvaða hætti. Hann segir félögin verði að leggja vinnu í að tengja sig betur við fólkið. „Mér líst vel á það sem er verið að gera hér til að reyna að efla tengslin."

Fólk verður að vinna saman

Við spyrjum Ólaf hvernig hann telji þróunina verða í framhaldinu, miðað við að það sé til dæmis ný forysta í Alþýðusambandinu og

stóru félögunum hér í kring. „Það er of snemmt að segja", segir Ólafur. „Mér finnst samt sem ný forysta í Eflingu hafi lokað sig dálítið af. Á sínum tíma var farið að kanna jarðvegin með sameiningu félaganna í Flóabandalaginu, en svo datt það upp fyrir. Mér sýnist forystan í Eflingu vilja gera alla hluti sjálf. Ég held að það sé ekki gott. Fólk verður að vinna saman, hvort sem það er í einu stóru félagi eða með annars konar samstarfi. Ég held að sameiningar séu af hinu góða, svona almennt. Það er styrkur í stærðinni. Það bitur meira ef það er farið að aðgerðir."

Þegar talið berst að möguleikum Hlífar í því sambandi, segir Ólafur að beinast liggi við að horfa til Suðurnesja, og nefnir fyrst Verkalyðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis. „En ég hefði viljað fá Grindavík og Sandgerði með og jafnvel félög á Suðurlandinu og leyfa Reykjavíkurfélögunum að hafa þetta eins og þau vilja. Allt veltur þetta samt á forystumönnunum. Sigurður Bessason í Eflingu leit alltaf á sig sem einn af þremur jafnsettum í Flóabandalaginu og hann hefði ekkert meira um hlutina að segja þótt félagið hans væri stærst. Þannig verður þetta að vera ef hlutirnir eiga að ganga. Ef þetta á að snúast um að allir vilji vera kóngurinn eða drottningin, þá gengur þetta aldrei. Ég held líka að það sé meira sameiginlegt með okkur og félögunum á Reykjanesi og jafnvel víðar, en Eflingu."

Með þá framtíðarsýn í farteskinu kveðjum við Óla P. og þökkum honum framlag hans í baráttunni fyrir bættum kjörum íslensks launafólks.



Verkalýðsfélagið Hlíf styrkir Mæðrastyrksnefnd

Stjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar ákvað á fundi sínum þann 19. nóvember sl. að styrkja starf Mæðrastyrksnefndar um 300.000 krónur. Myndin sýnir Áslaugu Ólöfu Kolbeinsdóttur gjaldkera og Þorbjörgu Bergsdóttur varaformann Mæðrastyrksnefndar taka við styrknum úr hendi Kolbeins Gunnarsson, formanns Hlífar.

Allt viðhald fasteigna

TRÉSMÍÐJAN OKKAR EHF.

**Reykjavíkurvegi 64,
Hafnarfirði, s. 894 4025**

Fékkstu rétta desemberuppbót?

Samkvæmt kjarasamningum ber atvinnurekendum að greiða starfsfólki sínu desemberuppbót í byrjun desember ár hvert. Uppbótin er háð ákveðnum skilyrðum sem varða meðal annars starfstíma og starfshlutfall á yfirstandandi ári. Desemberuppbót skal greiða í einu lagi og ofan á hana reiknast ekki orlof. Uppbótin er föst krónutala og tekur ekki hækkunum skv. öðrum ákvæðum kjarasamninga.

Full desemberuppbót árið 2020:

- 94.000 kr. hjá þeim sem vinna á almennum vinnumarkaði.
- 94.000 kr. hjá þeim sem vinna hjá ríki (gildir líka um þá sem starfa hjá fyrirtækjum í Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu).
- 118.750 kr. hjá þeim sem vinna hjá sveitarfélögum (gildir líka um þá sem vinna hjá Hjallastefnunni og Skólum ehf.).
- 254.279 kr. hjá þeim sem vinna í álverinu í Straumsvík.
- 103.100 kr. hjá starfsfólki Sorpu.

Félagsmenn eru hvattir til að skoða launaseðilinn til þess að sannreyna að desemberuppbótin sé í samræmi við ofangreint.

Könnun meðal starfsfólks Hafnarfjarðarbæjar

Stjórn Verkalýðsfélagsins Hlífar ákvað nýverið að gera könnun meðal starfsfólks Hafnarfjarðarbæjar á ýmsum þáttum tengdum starfinu, svo sem undirbúningi að styttingu vinnutíma og fleira.

Við könnunina var notað fullkomið könnunarkerfi sem Hlíf hefur keypt aðgang að og getur því gert kannanir meðal félagsmanna, eða afmarkaðra hópa þeirra, með litlum fyrirvara og tilkostnaði. Með því að nýta kerfi af þessu tagi er öryggi gagna tryggt miðlægt og sá sem kannar hefur ekki aðgang að svörum einstaklinga. Jafnframt heldur kerfið utan um hverjir hafa svarað, sendir áminningar til þeirra sem ekki hafa svarað og fleira.

Félagið var með netföng hjá 239 af starfsmönnum bæjarins sem eru í félaginu. Af þessum 239 netföngum komu 26 tilkynningar til baka úr könnunarkerfi félagsins um að póstur hafi ekki skilað sér (pósthólf yfirfullt eða óvirkt) og endanlegt úrtak var því 213 starfsmenn. Svör bárust frá 147 einstaklingum, um 70% af endanlegu úrtaki. Könnunin var send út 23. október og lokað 5. nóvember 2020. Á tímabilinu voru tvívegis sendar út áminningar úr kerfinu til þeirra sem ekki höfðu svarað.

Almennt um svarendur

Langstærstur hluti þátttakenda, eða ríflega 82%, er starfsfólk leikskóla. Tíundi hluti hópans starfar í heimaþjónustu og 7,5% er í öðrum störfum, til dæmis í þjónustumiðstöð.



Starfsaldur


Það er ljóst að hér er um að ræða traustan hóp starfsfólks. Tæp 28% svarenda hafa verið lengur en 10 ár í núverandi starfi, 17% í 5 til 10 ár og rúm 14% í 3-5 ár, þannig að samtals um 60% svarenda hafa verið lengur en þrjú ár í núverandi starfi, en um 40% skemur en þrjú ár.

Um 60% svarenda eru í fullu (100%) starfi og 20% til viðbótar eru í 80% starfi eða meira.

Stytting vinnutímans


Stytting vinnutímans er meðal mikilvægustu hagsmunamála launafólks. Í síðustu kjarasamningum var samið um mikilvægan áfanga í styttingunni. Á fundum með trúnaðarmönnum félagsins hjá Hafnarfjarðarbæ hefur aftur á móti komið fram að málið hafi lítið verið rætt, þrátt fyrir að í samningnum sé kveðið á um frumkvæði sveitarfélaganna í að koma á fót starfshópum á vinnustöðunum til að móta tillögur.

Fyrst var spurt hvort umræða um styttingu






Er búið að skipa starfshóp?



Spurt var hvers konar stytting vinnutíma svaranda þætti æskilegust. Boðið var upp á eftirfarandi þrjá valkosti:

- Dagleg stytting: - Hver vinnudagur stytstur í upphafi eða lok dags og hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnutímanum. Dæmi: Vinnutími frá 8.00 – 15.12.
- Vikuleg stytting: - Samfelld stytting tekin út á einum vinnudegi í viku og hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnutímanum. Dæmi: Starfsmaður vinnur frá 8.00 – 16.00 fjóra daga vikunnar en einn dag í viku er vinnutíminn 8.00 – 12.00.
- Stytting hálfsmánaðarlega: - Samfelld stytting tekin út sem frídagur hálfsmánaðarlega og hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnudeginum. Dæmi: Starfsmaður vinnur níu daga frá 8.00 – 16.00 en er í fríi tíunda vinnudaginn.


Hvers konar skipting?



Svörin leiða ótvírætt í ljós að langflestir svarendur vilja annað hvort safna þessum mínútum saman í vikulega eða hálfsmánaðarlega styttingu. Næstum þrír af hverjum fjórum vilja annan hvorn þessara tveggja kosta. Svarendum var boðið að skrifa athugasemd og allmargir gerðu það. Rauði þráðurinn í þeim var að álag (einkum á leikskólum) hefði aukist og væri það mikið, að ekki væri forsvaranlegt annað en að bæta við starfsfólki, eða skerða þjónustu. Það væri ekki hægt að auka álag á þá sem eftir eru (ef hluti starfsfólks er í burtu vegna styttingar). Það gæti hreinlega ógnað öryggi barnanna.

Líðan í vinnunni


Nokkrar spurningar snerust um líðan í vinnunni. Fyrst var spurt mjög almennt:



Ljóst er að félagsmönnum Hlífar sem starfa hjá Hafnarfjarðarbæ líður almennt vel í vinnunni. Ríflega þremur af hverjum fjórum líður mjög eða frekar vel í vinnunni. Meira en þriðjungur allra svarenda segist líða mjög

vinnutímans væri komin af stað á vinnustaðnum.


Allmikil umræða virðist vera um vinnutímastyttinguna á vinnustöðum,



því rúm 80% sögðu umræðu vera komna af stað. Einungis um tíundi hluti sagði enga umræðu vera hafna.

Ljóst er að ákvæðið um styttingu vinnutímans skiptir starfsfólk miklu máli, því um 80% sögðu það skipta mjög eða frekar miklu máli.

Í samkomulagi um styttingu vinnuvikunnar er gert ráð fyrir að



undirbúningur útfærslu á styttingu vinnuvikunnar væri kominn nokkuð áleiðis í byrjun október 2020. Þegar spurt var hvort búið væri að skipa hóp um styttingu vinnuvikunnar á vinnustað svarenda, – eins og kveðið er á um í samkomulaginu, skiptust svarendur í þrjá áþekka hópa. Stærsti hópurinn, rúm 36%, sagðist ekki vita það. Aðrir skiptust í tvo svipað stóra hópa – þeir sem sögðu að búið væri að skipa hóp á þeirra vinnustað og þeir sem sögðu að það væri ekki búið.

vel í vinnunni. Innan við einn af hverjum tíu segist líða frekar eða mjög illa í vinnunni. Í framhaldinu var spurt hvort fólki líði betur eða verr en fyrir sex mánuðum. Langstærstur hluti þeirra sem voru í sama starfi fyrir hálfu ári, eða um 54%, segir að líðanin sé hvorki betri né verri en fyrir sex mánuðum. Um 17% segja að þeim líði betur, en tæp 30% segja að þeim líði verr en fyrir sex mánuðum.

Þegar spurt var hvort viðkomandi líði betur eða verr en fyrir ári síðan var myndin áþekkt.

Af þeim sem voru í sama starfi fyrir 12 mánuðum, segja 22% að þeim líði betur en fyrir ári, tæp 40% segja að þeim líði hvorki betur né verr og örlitlu færri, eða 38% segja að þeim líði verr í vinnunni í dag en fyrir ári síðan.

Hvað líkar fólki best og verst?

Nokkrar spurningar og/eða fullyrðingar voru um hvað fólki líkaði best, eða verst í núverandi starfi.

Ljóst er að mestu verðmætin eru í góðum vinnufélögum, að mati svarenda þessarar könnunar meðal starfsfólks Hafnarfjarðarbæjar, því næstum þrír af hverjum fjórum sögðu að vinnufélagarnir væru það besta við starfið. Næst kemur vinnutíminn, nefndur af um 20% svarenda.

Spurt var líka hvað fólki líkaði næstbest. Þegar því er steypt saman við það sem fólki líkaði best, sem sagt best og næstbest samantekið – þá er niðurstaðan þessi:



Niðurstaðan undirstrikar það sem áður hefur komið fram – vinnufélagarnir eru mestu verðmætin og síðan vinnutíminn.

Svarendum var gefinn kostur á að nefna annað en það sem talið var upp. Þeir sem gerðu það, nefndu flestir börnin (leikskólastarfsfólk). Samvera og samskipti við börnin væru gefandi og bættu starfsánægju.

Hvað líkar þér verst?

Þá var spurt hvað fólki líkaði verst við starfið hjá Hafnarfjarðarbæ. Niðurstaðan er afgerandi.

Tæplega 70% setja launin fremst, 8,5% segja stjórnendur bæjarins og 7,5% segja yfirmenn á vinnustað.




Þegar tekin eru saman svör úr spurningum um hvað félögum líkar verst og næstverst, er niðurstaðan afgerandi – næstum 87% nefna launin, 31,5% nefna starfsaðstöðu, 23% nefna stjórnendur bæjarins og 18% nefna yfirmenn á vinnustað. Tæplega 1 af hverjum 5 nefna vinnutímann, en það heyrir til undantekninga að starfsfólki líki illa við vinnufélagana, því næstum enginn nefndi þá í þessu sambandi.

Svarendum var gefinn kostur á að nefna atriði til viðbótar við þau sem spurt var um og allmargir gerðu það. Langflestir þeirra nefndu mikið og aukið álag, einkum í leikskólum.

Álag í vinnunni

Spurt var hvort svarendur væru sammála eða ósammála þeirri fullyrðingu að álag hefði minnkað í vinnunni á síðastliðnum 6 mánuðum. Sárafaír voru sammála fullyrðingunni, en 80% voru henni ósammála.



Næsta fullyrðing var einnig um álag í vinnunni.

Á mínum vinnustað er stöðugt að fjölga verkefnum, en starfsfólki fjölgar ekki að sama skapi til að mæta auknu álagi!



Um 60% svarenda voru mjög og frekar sammála, um 25% voru hvorki sammála né ósammála og 16% voru ósammála. Um 80% svarenda sögðust oft vera þreyttir þegar þeir kæmu heim úr vinnunni.

Ýmislegt fleira fróðlegt kom fram í könnuninni. Næstum 70% telja líklegt að þeir verði í sama eða sambærilegu starfi eftir hálf t. ár, en rétt rúmlega 10% telja það ólíklegt og rúmlega 60% telja líklegt að þeir verði í sama starfi eftir ár og einungis um 15% telja það ólíklegt. Aðspurðir um ástæður, sögðu þeir sem töldu líklegt að þeir yrðu áfram í sama starfi, að starfið væri skemmtilegt og gefandi, ekki síst það að vinna með börnum. Þeir sem töldu það ólíklegt nefndu mikið álag, sem ekki væri metið til launa.

Það getur verið mjög gagnlegt fyrir stéttarfélag eins og Hlíf, að geta leitað beint og með skömmum fyrirvara til félagsmanna almennt, eða einstakra hópa innan félagsins, eftir viðhorfi og afstöðu félagsmanna til afmarkaðra álitaeftna. Það gefur forystunni skýrari mynd af vilja og væntingum félagsmanna og getur þannig leitt til að viljinn skili sér í starfi forystunnar og stefnumótun og áherslum félagsins. Til að þetta virki greiðlega, þarf félagið nauðsynlega að hafa góðan aðgang að virkum netföngum og/eða farsímanúmerum félagsmanna.

Níutíu og fimm ár frá stofnun Framtíðarinnar



Þann 3. desember 2020 eru liðin 95 ár frá því að Verkakvennafélagið Framtíðin var stofnað, en stofnfundurinn var haldinn þann dag árið 1925. Fram að því voru hafnfirskar verkakonur í Verkamannafélaginu Hlíf. Félagið starfaði allt til ársins 1999, þegar það sameinaðist Hlíf að nýju og úr varð Verkalýðsfélagið Hlíf.

Skömmu eftir að Verkamannafélagið Hlíf var stofnað snemma árs 1907, fóru konurnar í félaginu í verkfall. Það var fyrsta vinnustöðvun íslenskra verkakvenna sem sögur fara af. Tilefnið var að atvinnurekendur voru ekki tilbúnir að fallast á auglýsta kauptaxta Hlífar fyrir konur. Um þetta leyti voru konurnar í Hlíf um 70-80, sem var um þriðjungur félagsmanna.

Aftur í verkfall

Konurnar endurtóku leikinn næst þegar kauptaxti var gefinn út, fimm árum síðar. Þá neituðu atvinnurekendur að fallast á að hækka laun kvenna úr 15 í 18 aura á tímann og jafnframt að greiða sérstakt nætur- og helgidagakaup. Þeir héldu því fram, að ekki væri hægt að ráða gamlar konur og ungar stúlkur upp á þau býti. Verkfall hófst 1. mars 1912 og stóð allt til 11. apríl, en þá létu atvinnurekendur undan og konurnar náðu flestum sínum kröfum fram. Oft er fjallað um þetta sem fyrsta verkfall íslenskra kvenna, en það er ekki alls kostar rétt, í ljósi þess að konur í Hlíf lögðu áður niður vinnu fimm árum áður eins og áður kemur fram.

Fjórar konur áttu sæti í stjórn Hlífar frá 1913 (ekki er vitað um árin á undan): Sesselja Magnúsdóttir 1913-1914, Lára Jörundardóttir 1920-1921, Jóhanna Eiríksdóttir 1920-1921 og Helga Þórðardóttir 1921-1922. Um tíma var rætt um að deildaskipta félaginu og að konur mynduðu þá sérstaka deild, en af því varð ekki. Þar kom aftur á móti, að konur töldu hagsmunum sínum betur fyrir komið ef þær væru í sérstöku félagi. Þetta var gert í góðu samkomulagi við stjórn Hlífar.

Kröfðust launajafnréttis

Stofnfundur Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar var haldinn 3. desember 1925 í húsi Hjalpræðishersins við Austurgötu 24 (nú Austurgata 26) í Hafnarfirði. Við félagsstofnunina nutu konurnar liðsinnis kvenna úr Framsókn í Reykjavík. Á fundinum munu hafa verið ríflega 70 konur, en 83 eru skráðar stofnfélagar. Fyrsti formaður félagsins var kjörin Sigrún Baldvinsdóttir, en hún var

V. K. F. Framtíðin tilkynnir:

Í kaupgjaldssamningi milli verkakvenna og atvinnurekenda í Hafnarfirði er svo-hljóðandi ákvæði: **Atvinnurekendur skuldbinda sig til að taka að eins konur úr V. K. F. Framtíðin í vinnu.** Af þeirri ástæðu hefir félagið gert svo-hljóðandi samþykkt: „**Engin utanbæjar kona fái lungöngu í félagið fyr en fullvíst er að allar bæjarkonur sem vinnu vilja stunda hafi fengið vinnu**“. Getur félagið því ráðið hvaða konur fá vinnu. **Ern utanbæjarkonur því varaðar við að leita sér atvinnu í Hafnarfirði, án þess að leita fyrst samþykkis hjá stjórn verkakvennafélagsins.**

Tilkynning frá Framtíðinni í Hafnarfirði um forgang félagskvenna til vinnu.

systir Jóns Baldvinssonar, forseta ASÍ. Aðrar konur í fyrstu stjórn voru Guðlaug Narfadóttir Bachmann, Guðfinna Ólafsdóttir, Jónína Sigurðardóttir og Sigurrós Sveinsdóttir, sem var varaformaður.

Í fyrstu lögum félagsins, sem voru samþykkt á fyrsta félagsfundi nokkrum dögum síðar, kom fram að tilgangurinn væri að styðja og efla hag félagskvenna og menningu eins og kostur væri á. Meðal annars með því að ákveða vinnutíma og kaupgjald og stuðla að því að verkalyðurinn tæki sjálfstæðan þátt í stjórnámum lands og bæjarfélags.

Félagið setti strax fram þá kröfu að konur fengju sama kaup og karlar fyrir sömu vinnu. Fyrsta áfanganum að launajafnrétti var þó ekki náð fyrr en árið 1954. Í kjarasamningi sem þá var gerður, kom fram að greiða skyldi karlmannskaup fyrir fiskþvott, fyrir að kasta fiski upp á bíla og hengja fisk á trönur og ári síðar kom inn ákvæði um karlmannskaup við vinnu við alla blautskreið.

Dagheimilið á Hörðuvöllum

Framtíðin lét til sín taka á mörgum sviðum í bæjarlífinu, til viðbótar við baráttuna fyrir bættem kjörum. Þar má nefna reglulegar

skemmtanir, bæjarpólitíkina og fleira. Eitt merkilegasta framlag félagsins hlýtur þó að teljast stofnun og rekstur dagheimilisins á Hörðuvöllum. Málinu var fyrst hreyft á félagsfundi árið 1932 og síðan aftur ári síðar en þá samþykkti félagsfundur að fela stjórninni að stofna dagheimili fyrir börn. Heimilið tók til starfa þá um vorið. Það var fyrst til húsa í gamla barnaskólanum við Suðurgötu og starfaði fyrsta sumarið frá 19. maí til 15. ágúst. Lengst af voru börnin 12, en flest 15. Þau komu á morgnana, á bilinu frá hálfátta til níu og fóru heim um sexleytið. Félagið fékk síðan lóð á Hörðuvöllum og var smíði dagheimilis hafin í mars 1935 og starfsemi hófst í nýja húsinu 2. maí 1935.

Dagheimilið starfaði með líku sniði til haustsins 1939, en starfsemin lá niðri á stríðsárunum. Það var síðan opnað að nýju vorið 1945 og var þá opið í þrjá mánuði. Haustið 1948 hófst síðan heilsársstarfsemi á Hörðuvöllum. Vorið 1956 var hafist handa við stækkun dagheimilisins. Viðbyggingin var tekin í notkun 18. júlí 1957. Á engan er hallað, þótt því sé haldið fram að Sigríður Erlendsdóttir hafi verið helsti hvatamaður að stofnun heimilisins. Undir lok 20. aldar varð allmikil bylgja

sameininga verkalyðsfélaga um land allt, sem meðal annars leiddi til viðræðna um slíkt í Hafnarfirði. Viðræðurnar urðu til þess að Verkamannafélagið Hlíf og Verkavennafélagið Framtíðin sameinuðust í Verkalyðsfélaginu Hlíf. Síðasti aðalfundur Framtíðarinnar var haldinn 6. apríl 1999 og fyrsti aðalfundur sameinaðs félags var síðan haldinn 28. apríl 1999. Lauk þar með sögu sérstaks verkavennafélags í bænum.

Ertu búin(n) að „læka“?

Félagsmenn Hlífar eru hvattir til að „líka við“ facebook síðu Verkalyðsfélagsins Hlífar. Með því móti geta þeir fylgst með starfi félagsins, fréttum af kjarasamningum og öðru sem máli skiptir.



Teg. **ALEX**



ELITE hvíldarstólar

3 tegundir
3 möguleikar
Anelin leður allan hringinn
3 litir



Teg. **CHARLES**



Teg. **WILLIAM**



Teg. **Charles**



Teg. **WILLIAM**



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Húsgagnaverslunin Nýform ehf. • Strandgata 24 • Sími 565 4100 • nyform@nyform.is • www.nyform.is

Óvenjulegt þinghald



Fertugasta og fjórða þing Alþýðusambandsins var haldið við óvenjulegar aðstæður, 21. október 2020. Í stað nokkurra daga þings, stóð þinghaldið einn dag og dagskráin var jafnframt með öðrum hætti en venjan er. Þingið var rafrænt, þar sem lögbundnir dagskrárliðir voru afgreiddir, en þinginu að öðru leyti frestað fram á vor.

Meðal hinna lögbundnu dagskrárliða voru lagabreytingar, kosningar í miðstjórn og kjör forseta. Við setninguna voru jafnframt flutt nokkur ávörp, bæði forystumanna sambandsins og gesta.

Setning þingsins

Í setningarávarpi sínu sagði Drífa Snædal, meðal annars:

„Kæru félagar

Við höfum marga fjöruna sopið síðustu tvö ár og það er frekar dapurt að geta ekki hist í persónu núna, lagt á ráðin, gert upp síðustu ár og brýnt okkur fyrir það sem koma skal. Það er þó huggun harmi gegn að við getum hist í rafheimum með sameiginlega tilfinningu um hvað skiptir máli. Að horfa á þrjú hundruð nöfn spretta upp á skjá, mörg með mynd, er sýnileg áminning um að við erum fjöldahreyfing sem teygir anga sína um allt landið og inn í flestar starfsstéttir. Saman eigum við þetta magnaða afl sem er verkalyðshreyfingin. Hreyfingin okkar er eins og stórfjót, rennur í farvegi sem hefur verið mótaður í áranna rás en brýtur sér stundum leið í nýjan farveg,

stundum er áin vatnsmikil svo jafnvel flæðir yfir bakkana en stundum er hún straumléttari. Ég veit ekki hvort þetta er besta myndlíkingin en ég veit að við búum yfir afli sem hægt er að líkja við náttúruafl. Krafturinn er mikill og stundum óbeislaður, á köflum eru flúðirnar svo afgerandi að það má vart greina í hvaða átt vatnið rennur. En fjótið heldur samt áfram að renna, farvegurinn markast af vatninu og markmið okkar er skýrt: Bætt líf skjör og betra samfélag.“

Drífa fór yfir árangur starfsins frá síðasta þingi, kjarabætur í formi samninga, vaxtalækkunar, skattalækkunar og hærri barnabóta. Hún ræddi jafnframt um hvað væri framundan, til viðbótar við að bregðast við áhrifum heimsfaraldursins. Í því sambandi nefndi hún loforð stjórnvalda um að breyta lögum um lífeyrissjóði til að tryggja betur lífeyrisséttindi launafólks, auk verndar fyrir leigjendur, lög gegn félagslegum undirboðum og launþjófnaði, og að aðgerða gegn mansali. Jafnframt fjallaði Drífa um vaxandi atvinnuleysi sem fylgdi COVID-19 og þau verkefni hreyfingarinnar sem fylgja því. Þau hafa ekki síst falist í að þrýsta á um úrræði fyrir atvinnulausa og stefnumótun sem fengið hefur heitið „Rétt leiðin – frá kreppu til lífsgæða“ þar sem vegurinn út úr kreppunni er varðaður til að vernda líf skjör og framfærslu og byggja upp betra samfélag. „Markmið er að stuðla að nýrri atvinnusköpun og jafnara samfélagi, atvinnusköpun í sátt við umhverfið þar sem eru ekki bara búin til ný störf heldur góð störf með góðum aðbúnaði

og sanngjörnum kjörum. Réttlát umskipti eru þema þessa þings og ganga út á að breytingar á atvinnuháttum vegna loftslagskríunnar og tæknibreytinga séu réttlát gagnvart launafólki. Þótt málefnastrafi okkar sé frestað til vorsins þá eigum við að taka hugmyndafræði réttláttra umskipta með okkur inn í þennan vetur. Því nú er tíminn til að byggja upp til framtíðar og það skiptir máli hvernig það er gert.“

Sharan Burrow, framkvæmdastjóri Alþýðs verkalyðssambandsins (ITUC), ávarpaði þingið. Hún ræddi meðal annars um nauðsyn nýs samfélagssáttmála, sem tryggi fólki fulla atvinnu, mannsæmandi störf, félagslega vernd og önnur grundvallarréttindi. Burrow fjallaði einnig um óhefðbundin ráðningarsambönd og þær hættur sem þeim þeim fylgja, bæði í þróunarlöndum og annars staðar. Í skjóli slíkra sambanda þrífist ýmiss konar kúgun og misrétti. Burrow varð tíðrætt um þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hvað þau þýddu fyrir vinnumarkaðinn. Í því sambandi ræddi hún sérstaklega stórtæka áætlun í málefnum kvenna.

„Hvað viljum við hafa í nýjum samfélagssáttmála? Við viljum störf, störf og aftur störf. Loftslagsvæn störf. Við viljum almenna félagslega vernd og eina leiðin til að ná því fram í þróunarhagkerfum er með baráttunni sem ITUC hefur leitt, með stuðningi ykkar allra, baráttu fyrir sjóði um almenna félagslega vernd fyrir fátækustu ríkin. Samhliða því þarf að verða skuldaniðurfelling,



endurskipulagning skulda og að hætt verði að setja skilyrði um niðurskurð. Eina skilyrðið sem ætti að setja varðar sjálfbærnimarkmiðin, er að fjárfest sé í fólki heimsins.“

Ástþór Jón Ragnheiðarson, varaformaður ASÍ-UNG, ávarpaði þingið fyrir hönd ungs fólks í hreyfingunni. Hann sagði meðal annars:

„Ég get sagt, fullur sjálfstrausts, að ASÍ-UNG hefur haft í nógu að snúast og svo sannarlega gætt hagsmuna ungmenna innan verkalyðshreyfingarinnar. Fyrstur manna skal ég viðurkenna að við hefðum getað verið sýnilegri, en það veltur líka á því hve sýnileg heildarsamtökin leyfa okkur að vera. Hve mikil raunveruleg áhrif við fáum að hafa.“

Það er nefnilega þannig, að til þess að ASÍ-UNG geti haft áhrif á hagsmunamál ungs fólks, þurfa heildarsamtökin að gera okkur kleift að hafa þau áhrif.

Þetta eru skilaboðin frá unga fólkinu í hreyfingunni, í þessu máli sem svo sannarlega varðar okkur. Ekkert um okkur án okkar.“

Varaforsetum fjölgað

Á þinginu var samþykkt tillaga þess efnis, að varaforsetum verði fjölgað úr tveimur í þrjá. Einungis eitt framboð barst í hvert embætti. Drífa Snædal er því forseti, Kristján Þórður Snæbjarnarson er fyrsti varaforseti, Sólveig Anna Jónsdóttir annar varaforseti og Ragnar Þór Ingólfsson gegnir nýju embætti þriðja varaforseta.

Kjörnefnd gerði tillögu um 11 einstaklinga til setu í miðstjórn og þar sem engin mótframboð bárust voru þeir sjálfkjörnir.

Miðstjórn ASÍ 2020-2022 verður því þannig skipuð:

ASÍ - Drífa Snædal, forseti ASÍ.

RSÍ - Kristján Þórður Snæbjarnarson, Félag rafeindavirkja, 1. varaforseti.

SGS - Sólveig Anna Jónsdóttir, Efling stéttarfélag, 2. varaforseti.

LÍV - Ragnar Þór Ingólfsson, VR, 3. varaforseti.

SGS - Hjördís Þóra Sigþórsdóttir, AFL – Starfsgreinafélag.

SGS - Hörður Guðbrandsson, Verkalýðsfélag Grindavíkur.

SSÍ - Valmundur Valmundarson, Sjómannafélagið Jötunn.

Bein aðild Guðmundur Helgi Þórarinnsson, Félag vélstjóra og málmæknimanna.

SGS - Björn Snæbjörnsson, Eining – lðja.

LÍV - Eiður Stefánsson, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri.

SGS - Finnbogi Sveinbjörnsson, Verkalýðsfélag Vestfirðinga.

SGS - Halldóra Sveinsdóttir, Báran – stéttarfélag.

Samiðn - Hilmar Harðarson, Félag iðn- og tæknigreina.

LÍV - Harpa Sævarsdóttir, VR.

LÍV - Helga Ingólfssdóttir, VR.

15 varamenn í miðstjórn

SGS - Þórarinn G. Sverrisson, Aldan.

SGS - Agnieszka Ewa Ziolkowska, Efling stéttarfélag.

SGS - Guðrún Elín Pálsdóttir, Vlf. Suðurlands.

LÍV - Bjarni Þór Sigurðsson, VR.

RSÍ - Margrét Halldóra Arnardóttir, FÍR.

SGS - Daníel Örn Arnarson, Efling stéttarfélag.

Samiðn - Finnbjörn A. Hermannsson, Byggiðn.

LÍV - Sigmundur Halldórsson, VR.

LÍV - Gils Einarsson, VR.

SGS - Guðbjörg Kristmundsdóttir, VSKF.

Bein aðild - Berglind Hafsteinsdóttir, FFÍ.

LÍV - Selma Björk Grétarsdóttir, VR.

LÍV - Hulda Björnsdóttir, Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri.

SGS - Kolbeinn Gunnarsson, Verkalýðsfélagið Hlíf.

SSÍ - Trausti Jörundarson, Sjómannafélag Eyjafjarðar.

Ályktanir þingsins

Á þinginu voru samþykktar tvær ályktanir.

Sú fyrri fjallaði um vinnumarkaðsmál. Þar var þess krafist að ríkisfjármálum verði beitt í þágu almannahagsmuna og að kreppan skerði ekki afkomu- og húsnæðisöryggi almennings. Í því skyni þurfi að hækka grunnatvinnuleysisbætur til samræmis við þróun lægstu launa og þak á tekjutengingar verði hækkað. Jafnframt verði bóttatímabilið lengt úr 30 í 36 mánuði. Í ályktuninni segir meðal annars:

„44. þing ASÍ krefst þess að ríkisfjármálum verði beitt af fullum þunga til að milda höggið af kreppunni og því er með öllu hafnað að almenningur eigi að bera kostnaðinn af björgunaraðgerðum stjórnvalda með niðurskurði á opinberri þjónustu og hærri tekjusköttum og gjaldtöku. Þrátt fyrir auknar skuldir er ríkissjóður sterkur, vextir eru í sögulegu lágmarki og gjaldeyrisvaraforði Seðlabanka Íslands aldrei verið meiri. ... Atvinnurekendur sem þegar hafa þegið verulega aðstoð úr ríkissjóði og aðra fyrirgreiðslu banka og lánastofnana, þurfa jafnframt að axla sína ábyrgð, virða gerða kjarasamninga, halda atvinnustiginu uppi og koma í veg fyrir óþarfar verðlagshækkningar sem geta kynt undir verðbólgu. Þing ASÍ gerir kröfu til þess að fjármunum úr ríkissjóði verði ráðstafað með gagnsæjum hætti út í samfélagið með það að markmiði að styðja við launafólk og við heimilin í landinu. Stöndum vörð um heimilin!“

Ályktun 44. þings ASÍ um innra starf sambandsins

44. þing ASÍ er haldið við óvenjulegar aðstæður vegna heimsfaraldurs af völdum kórónuveirunnar og stefnumótun

frestað til vorsins. Ábyrgð miðstjórnar ASÍ og verkalýðshreyfingarinnar allrar er sérstaklega mikilvæg á slíkum tímum.

Þing ASÍ beinir því til nýrrar miðstjórnar að tryggja að ASÍ rísi undir þessari ábyrgð í hvívetna. Því er sérstaklega beint til miðstjórnar að vinna að eftirfarandi verkefnum og málefnum:

- Að setja á laggirnar nefnd með þátttöku landssambandanna og stærstu aðildarfélaga og í ríku samráði við aðildarfélögin, sem verður falið að móta tillögur ASÍ í tengslum við boðaða vinnu stjórnvalda um Grænbók í lífeyrismálum.
- Að standa fyrir samráði meðal aðildarsamtaka ASÍ um áherslur ASÍ vegna vinnu við Grænbók um umhverfi kjarasamninga og vinnumarkaðsmála.
- Að hefja vinnu við endurskoðun á skipulagi ASÍ og leggja drög að áætlun um þá vinnu fyrir framhaldsþingið sem haldið verður 11. og 12. maí 2021. Meðal annars verði horft til laga ASÍ, hlutverks fastanefnda, þjónustu við aðildarsamtökin, slagkrafts í kjarasamningum, fjármögnunar ASÍ og fjölbreytni og styrks hreyfingarinnar.

- Að móta tillögur um fjölmiðlastarfsemi sem miðar að því að styrkja málstað verkalýðshreyfingarinnar.
- Að útfæra leiðir til að efla vinnustaðaeftirlit stéttarfélaganna. Vinnustaðaeftirlitið er alltaf mikilvægt og ekki síst á krepputímum.
- Að fylgja eftir loforðum sem gefin voru í tengslum við Lífskjarasamninginn og hvika í engu frá kröfum ASÍ um nauðsynlegar lagabreytingar til að koma í veg fyrir launabjórnað og félagsleg undirboð.
- Að halda áfram að tryggja öfluga þjónustu við aðildarfélögin og efla enn frekar þekkingu ASÍ á málefnum vinnumarkaðar, efnahagsmálum og velferðarmálum.

Fulltrúar Hlífar saman

Eins og fram hefur komið, var þingið ekki eiginleg samkoma í þeim skilningi að allir væru á sama stað. Fulltrúar Hlífar komu engu að síður saman meðan á þinginu stóð og fylgdust með umræðum á stórum skjá og tóku síðan þátt í þingstörfum, atkvæðagreiðslum og þess háttar í gegnum tölvu og snjalltæki á staðnum. Sóttvarnareglur voru allar í heiðri hafðar.

Ekki gefa bara eitthvað, gefðu frekar hvað sem er.



Með gjafakorti Landsbankans er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú pantar gjafakortið á landsbankinn.is/gjafakort.





STARFSMENNTASJÓÐIR FYRIR FÉLAGSMENN HLÍFAR

Félagsmenn Hlífar hafa aðgang að þremur öflugum starfsmenntunarsjóðum sem er einkum ætlað að byggja upp og efla starfs- og símenntun félagsmanna. Þetta eru Starfsafl (fyrir félagsmenn á almennum vinnumarkaði), Flóamennt (fyrir starfsfólk sem starfar hjá ríki og á hjúkrunarheimilum) og að síðustu Námskeiðssjóður Verkalýðsfélagsins Hlífar. Hann er ætlaður starfsfólki Hafnarfjarðarbæjar og Garðabæjar, auk starfsfólks hjá sjálfstætt starfandi skólum.

Starfsafl – fyrir almennan markað

Markmið Starfsafls er að hafa frumkvæði að þróunarverkefnum í starfsmenntun og leggja áherslu á kynningar- og hvatningarstarf sem tengist málaflöknum. Þannig vill Starfsafl stuðla að aukinni starfsmenntun í íslensku atvinnulífi, kanna þörf atvinnulífsins fyrir starfsmenntun ófaglærðs verkafólks og leita eftir viðræðum við stjórnvöld um fyrirkomulag fullorðinsfræðslu. Einn þátturinn í þessu er fræðsluráðgjöf innan fyrirtækjanna sjálfra. Í upphafi gekk verkefnið undir heitinu „Nýliðfræðsla“ en hefur fest sig í sessi undanfarin ár undir nafninu „Fræðslustjóri að láni“.

Þegar félagsmaður ferðast erlendis í tengslum við starfstengt nám, námskeið eða ráðstefnu, getur hann sótt um ferðastyrk.

- Styrkurinn er eingöngu vegna flugs (ekki rútu, leigubíla eða annars).
- Hámarksferðakostnaður er kr. 40.000,- á ári en að hámarki 50% af reikningi.
- Með umsókn þarf að fylgja með staðfesting á námi, námskeið eða ráðstefnu, sem sótt er og greitt er fyrir af félagsmanni.
- Ferðakostnaður telst til einstaklingsstyrks

og fellur undir reglur þar um. Í því felst að hámarksgreiðsla á ári er kr. 130.000,- fyrir starfstengt nám, námskeið eða ráðstefnu og kostnað vegna ferðar samanlagt.

Að öðru leyti gilda reglur um einstaklingsstyrki og skil á gögnum.

Flóamennt

Flóamennt er fyrir starfsfólk sem starfar hjá ríki og á hjúkrunarheimilum og eru Efling og VSFK einnig aðilar að honum. Sjóðurinn hefur að markmiði að efla starfs- og símenntun starfsmanna auk þess að auka möguleika stofnana á að þróa starfssvið sitt. Þeir félagsmenn Hlífar sem starfa hjá ríki og á dvalar- og hjúkrunarheimilum eins og Sólvangi og Hrafnistu geta sótt um styrki til sjóðsins.

Veittir eru styrkir til náms og kynnisferða að hámarki 30.000 kr. fyrst eftir þriggja ára samfellda félagsaðild, síðan á þriggja ára fresti.

Námskeiðssjóður Verkalýðsfélagsins Hlífar

Félagsmenn sem starfa hjá Hafnarfjarðarbæ og Garðabæ, auk starfsfólks sjálfstætt starfandi skóla, geta sótt um styrki til Námskeiðssjóðsins. Hann er eign Hlífar og er honum ætlað að styrkja félagsmenn sem sækja sér menntun á almennum fræðslumarkaði og starfa hjá sveitarfélögum eða stofnunum sem styrktar eru af þeim og eru á félagssvæði Hlífar sem samkvæmt lögum félagsins eru Hafnarfjörður og Garðabær.

Náms- og kynnisferðir erlendis eru veittir á 3 ára fresti er 130.000,- þó ekki meira en nemur kostnaði. Félagsmaður sem greitt hefur verið í 1 ár fær 50.000.

Styrkir til félagsmanna sem fara í ferðir innanlands, skipulagðir af viðkomandi stofnun eru veittir á 2 ára fresti. Styrkurinn er að hámarki 40.000.-

Breytingar hjá Starfsafl og Flóamennt

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á reglum hjá Starfsafl og Flóamennt á síðasta ári, sumar þeirra til allmikilla hagsbóta fyrir félagsmenn. Árleg styrkupp hæð er 130.000 krónur. Miðað er við að greidd séu allt að 75% af kostnaði. (Hlutfallið hefur verið hækkað í 90% tímabundið vegna Covid-19)

Svokallaður þriggja ára styrkur er 390.000 krónur. Það þýðir að ef félagsmaður hefur ekki sótt um styrk síðustu þrjú ár á hann rétt á styrk allt að kr. 390.000 fyrir eitt samfellt námskeið/nám.

Tómstundastyrkir og lífsleiknistyrkir eru kr. 30.000

Hjá báðum sjóðum er gert ráð fyrir því að einstaklingur skili inn reikningi vegna náms/ námskeiðs innan þriggja mánaða eftir að greiðsla fer fram.

Hjá Flóamennt sækir einstaklingur um alla styrkfjárhæð vegna náms- og kynnisferðastyrkja.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um úthlutunarreglur, umsóknareyðublöð og annað varðandi sjóðina er að finna á heimasíðu Hlífar, www.hlif.is undir fræðsla. Sótt er um styrki til allra þriggja sjóðanna á skrifstofu Verkalýðsfélagsins Hlífar, eða með því að fylla út eyðublöð rafrænt á netinu og senda á hlif@hlif.is, ásamt afriti af kvittunum.

Peir sem hafa það lakast fara verst út úr áhrifum heimsfaraldurins



Viðsnúningur í efnahagslífinu gæti orðið mun hraðari en eftir efnahagshrunið 2008. Allt veltur þó á að takist að þróa nothæft bóluefni gegn COVID-19

Samkvæmt nýrri spá frá hagdeild ASÍ um horfur í efnahagsmálum á næstu misserum, veltur framhaldið næstum alfarið á því hvernig tekst að hemja COVID-19 faraldurinn, bæði hérlendis og erlendis. Eða eins og stendur í spánni sjálfri: „Mikil óvissa ríkir um efnahagslega framþróun um þessar mundir. Ómögulegt er að segja til um útbreiðslu COVID-19, afléttingu ferðatakmarkana, þróun bóluefnis og fleiri aðgerða sem hafa lykiláhrif á efnahagslífið.

Spá ASÍ er ein sviðsmynd en horfurnar gætu hæglega verið bjartari eða dekkri.

Hafa ber í huga, að spáin var unnin og birt áður en nýjar, jákvæðar fréttir um þróun bóluefnis og líklegar tímasetningar varðandi hvenær það verður tilbúið til almennrar notkunar voru birtar. Með nokkurri bjartýni má því ef til vill halda því fram að meiri líkur séu á að horfurnar gætu verið bjartari en þessi sviðsmynd hagdeildarinnar gefur til kynna.

Gert er ráð fyrir því að útflutningur dragist saman um 28% milli ára, hann vaxi um 9,2% á næsta ári og 11,4% árið 2022. Þessi vöxtur byggir á því að farið verði að rofa til í ferðalögum


á milli landa á síðari hluta næsta árs.

Einkaneysla dróst saman um 4% á fyrri helmingi þessa árs og að líkindum meira á síðari hluta ársins. Áhrif vaxandi atvinnuleysis og tekjumissis eiga að öllum líkindum eftir að koma skýrar fram á fjárhagsstöðu heimilanna. Vaxtalækkunar, greiðsluhlé lána, úttekt séreignarsparnaðar og fleiri sambærilegar ráðstafanir hafa létt undir með heimilum og stutt við neyslu þeirra. Sú hætta vofir þó yfir, að afleiðingar fjárhagsvandans komi fram af meiri þunga á næsta ári þegar atvinnulausir missa tekjutengdar atvinnuleysisbætur og draga mun úr áhrifum annarra úrræða. Því er spáð að samdráttur í einkaneyslu verði 5,3% á þessu ári og að vöxtur verði afar hægur á því næsta.

Áhrif á vinnumarkað og atvinnuleysi

Áður en COVID-19 breiddist út voru aðstæður á vinnumarkaði viðkvæmar og atvinnuleysi hafði aukist lítillega. Eftir að áhrif faraldursins á vinnumarkaðinn bættust við, stórkjóst atvinnuleysi. Þannig voru um 18 þúsund einstaklingar án atvinnu í september og af þeim höfðu næstum 3.300 verið án atvinnu í meira en ár. Spáin gerir ráð fyrir miklu atvinnuleysi áfram. Það verði 7,8% á þessu ári, en vaxi á því næsta og verði þá 8,6%. Heldur muni draga úr

Vöxtur útflutnings



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Atvinnuleysi



atvinnuleysi árið 2022 og það muni fara niður í 6,9%, að því gefnu að ferðapjónustan byrji að rétta úr kútnum.

Verðbólga

Verðbólga hefur heldur vaxið á árinu, en hún mældist 3,6% í október. Krónan hefur veikst, en það hefur leitt til verðhækkana á innfluttum vörum. Vaxtalækkun hefur dregið nokkuð úr verðbólguþrýstingi. Gert er ráð fyrir að verðbólga verði yfir markmiði Seðlabankans á næsta ári og verði um 3,3%. Draga muni úr þrýstingi þegar líður fram á árið. Árið 2022 er gert ráð fyrir að verðbólga minnki á ný og verði í kringum verðbólguþrýsting Seðlabankans, eða um 2,5%.

Staða heimila

Efnahagsáfallið núna birtist með talsvert öðrum hætti en við fjármálahrunið 2008. Fjármálahrunið hafði í för með sér mikinn skuldavanda heimila og fyrirtækja og hafði

langvarandi áhrif á neyslu og fjárfestingar. Þar sem gert er ráð fyrir því að viðsnúningur verði tiltölulega hraður þegar hann hefst, standa vonir til að áhrifin á heimilin verði ekki jafn djúpstæð og í kjölfar hrunsins 2008. Almenn er reiknað með að efnahagslífið geti unnið sig hraðar út úr aðstæðum í dag. Það hvílir þó á þeirri forsendu að ferðapjónustan taki við sér, ekki síðar en á síðari hluta næsta árs.

Fjárhagsstaða heimilanna var að jafnaði mun traustari við upphaf heimsfaraldursins en hún var í aðdraganda fjármálahrunsins 2008. Skuldir heimilanna í ársbyrjun 2020 voru um 76% af vergri landsframleiðslu, en voru um 120% í aðdraganda fjármálahrunsins. Auk þess var vöxtur einkaneyslunnar nú í ríkari mæli byggður á auknum ráðstöfunartekjum, fremur en skuldsetningu eins og áður var.


Heimilin hafa notið góðs af úrræðum stjórnvalda og lánastofnana, en þó ber að hafa í huga að þessi úrræði gagnast betur

þeim heimilum sem voru í betri stöðu áður en áfallið reið yfir. Hlutabótaúrræðið vann gegn auknu atvinnuleysi. Ástæða er til að óttast að tekjumissir atvinnuleitenda geti orðið að alvarlegum fjárhags- og skuldavanda og því meiri sem ástandið varir lengur.

Næstum helmingur atvinnulausra er af erlendum uppruna og stærstur hluti þess hóps er á leigumarkaði. Sá hópur nýtur tæpast góðs af vaxtalækkunum eða úrræðum eins og greiðsluhléi húsnæðiseigenda. Þegar hefur skapast aukinn þrýstingur á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

Þegar þetta er skrifað, í lok nóvember, er ýmislegt sem bendir til að versta útgáfa spár hagdeildar ASÍ gangi ekki eftir. Ástæðan er að úr fleiri en einni átt berast nú góðar fréttir um að bóluefni gegn COVID-19 sé væntanlegt og jafnvel talið að hægt verði að hefja notkun þess snemma á næsta ári. Gangi það eftir, ætti ferðamennska jafnvel að geta tekið við sér um mitt árið 2021.

Einkaneysla - Breyting milli ára



Tuttugu og fimm ára starfsafmæli

Þann 1. september sl. voru liðin 25 ár frá því að Valborg Óskarsdóttir hóf störf hjá Verkalýðsfélaginu Hlíf. Af því tilefni færði félagið henni blómvönd og dálitinn þakklætisvott fyrir dygga þjónustu við félagið og félagsmenn.

Formaður félagsins, Kolbeinn Gunnarsson, átti tuttugu og fimm ára starfsafmæli á skrifstofunni nokkru fyrr, en hann hóf störf 2. maí 1995.

Myndin er tekin á starfsafmæli Valborgar.

Það er gaman að gera sér ferð til Hrísey frá orlofsíbúð Hlífar á Akureyri. Gott er að taka með sér eitthvað á grillið eftir göngutúr um eyjunna. Hrísey á eftir að taka mikið út segja þeir sem hafa hana heimsótt.

Þrettán orlofshús og orlofsíbúðir Hlífar

Orlofshús félagsins njóta stöðugra og vaxandi vinsælda og eru fullnýtt nánast allt árið. Næstum undantekningarlaust er fólk í húsunum um helgar að vetri til og nær sér þannig í stutt vetrarorlof til að hlaða batteríin. Ásóknin hefur verið slík, að oft hefur þurft að vísa áhugasömum félagsmönnum frá. Þess vegna skiptir öllu máli að panta tímanlega.

Tíu orlofshús víða um land

Félagið á alls tíu orlofshús. Tvö eru í Vaðnesi í Grímsnesi, tvö í Ölfusborgum við Hveragerði, eitt í Húsafelli, þrjú í Munaðarnesi og tvö í Stykkishólmi. Annað húsið í Stykkishólmi hefur undanfarin ár verið í fastri vetrarleigu. Á framtíðarsvæði félagsins í Kolási í Munaðarnesi, þar sem nú eru þrjú hús í eigu félagsins, er stefnt að því að fjölga um allt að tvö hús á komandi árum.

Húsin eru vel útbúin, meðal annars með sjónvarpi, DVD-spilara, hljómtækjum og öllum tækjum og tólum sem fólk vill almennt hafa í orlofshúsum. Þetta á líka við um íbúðirnar á Akureyri.

Heitir pottar og gasgrill eru við öll húsin.

Orlofsíbúðir á Akureyri

– sem geta líka hentað námsmönnum

Til viðbótar orlofshúsunum á félagið þrjár vel búnar orlofsíbúðir, við Furulund á Akureyri. Tvær þeirra hafa sum árin verið leigðar námsfólki yfir veturinn. Rétt er að benda félagsmönnum á þennan möguleika, ef þeir eða börn þeirra hyggja á nám norðan heiða.

Verð og skilmálar

Vikuleiga á orlofshúsi, frá föstudegi til föstudags, er 26.000 krónur, en 32.000 krónur á Kolási 13. Helgarleiga, frá föstudegi til sunnudags, er

18.000 krónur, en 21.000 krónur á Kolási 13.

Virka vetrardaga fá eldri borgarar og öryrkjar sérstök afsláttarkjör.

Dýrahald er bannað í öllum húsum félagsins.

Húsunum ber að skila á réttum tíma, vel ræstum og hreinum að dvöl lokinni.



Ölfusborgir, við Hveragerði

Hús númer 17 og 35

Svefnaðstaða og sængur og koddar eru fyrir 6 manns í hvoru húsi. Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur, en bent er á að hægt er að fá leigð rúmföt í þjónustumiðstöð.

Í hvoru húsi er; borðbúnaður fyrir 8 manns, örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll. Til affreyningar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, bækur og spil.

Við húsið eru gasgrill og heitur pottur. Húsin hafa nýlega verið stækkuð með garðskála sem er góð viðbót.

Í Ölfusborgum geta leigjendur keypt aðgang að neti og áskrift að sjónvarpsstöðvum, sem greiða þarf með greiðslukorti.

Stutt er í sund og verslanir í Hveragerði og á Selfossi.

Afhending lykla er í þjónustumiðstöð Ölfusborga, föstudaga kl. 15.00 – 20.30.

Sími 483 4260.

Skil lykla eru á sama stað og yfirgefa þarf húsin eigi síðar en kl. 12.00 á brottfarardegi.



Vaðnes, í Grímsnesi

Kjarrbraut 8 og 10

Svefnaðstaða og sængur og koddar eru fyrir 7 manns í hvoru húsi. Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur.

Í hvoru húsi er; borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll.

Til affreyningar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, bækur og spil.



Við húsið eru gasgrill og heitur pottur.

Húsið á Kjarrbraut 8 er með aðgengi fyrir hjólastóla.

Afhending og skil lykla eru á skrifstofu Hlífar.



Húsafell, í Borgarfirði

Stórarjóður 8

Svefnaðstaða og sængur og koddar eru fyrir 7 manns. Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur.

Í húsinu er; borðbúnaður fyrir 12 manns,

örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll.

Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, bækur og spil.

Við húsið eru gasgrill og heitur pottur.

Í Húsafelli er stutt í sundlaug með heitum pottum, þar er mini-golfvöllur með 9 holum, veiðileyfi og verslun. Greiða þarf sérstaklega fyrir þessa þjónustu.

Afhending og skil lykla eru á skrifstofu Hlífar.



Stykkishólmur

Borgarhlíð 2 og 4

Svefnaðstaða og sængur og koddar eru fyrir 7 manns í tveimur herbergjum í hvoru húsi. Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur.

Í húsinu er; borðbúnaður fyrir 12, örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll, Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, bækur og spil.

Við húsið eru gasgrill og heitur pottur.

Afhending og skil lykla eru á skrifstofu Hlífar.



Munaðarnes, í Borgarfirði

Kolás 12

Svefnaðstaða og sængur og koddar eru fyrir 7 manns í þremur herbergjum. Einnig er svefnloft yfir hálfu húsinu, þar sem nokkrir geta sofð. Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur.

Í húsinu er; borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll.

Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, bækur og spil.

Við húsið eru gasgrill og heitur pottur.

Afhending og skil lykla eru á skrifstofu Hlífar.



Það er ótrúlega skemmtilegt að fara í bátsferð með skemmtiferðaskipinu Særún frá Stykkishólmi. Aftan á dekkinu er borð og plógur sem notaður er til að veiða ferskmeti úr sjónum og gefst farþegum færi á að smakka á aflanum í ferðinni.





Kolás 12 A

Svefnaðstaða er fyrir 7 manns í þremur herbergjum og sængur og koddar fyrir 8 manns. Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur.

Í húsinu er; borðbúnaður fyrir 12 manns, örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll.

Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki með geislaspilara, bækur og spil.

Við húsið eru gasgrill og heitur pottur.

Afhending og skil lykla eru á skrifstofu Hlífar.

Kolás 13

Í húsinu er svefnaðstaða fyrir 10-12 manns í fimm svefnherbergjum og sængur og koddar fyrir 10 manns. Auk þess er hægt er að bæta við dýnum á gólf.

Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur.

Í húsinu er; borðbúnaður, örbylgjuofn, eldavél, ísskápur, barnarúm og barnastóll.

Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari, hljómtæki



með geislaspilara, bækur og spil.

Við húsið eru gasgrill og heitur pottur.

Afhending og skil lykla eru á skrifstofu Hlífar.

Vegna þess hve húsið er stórt og hve marga það rúmar, er leiguverð örliðu hærra en í öðrum húsum, 32.000 krónur fyrir vikuna og helgarleiga 21.000 krónur.

Akureyri

Furulundur 8C, 10N og 10R

Hver íbúð er þriggja herbergja, svefnaðstaða og sængur og koddar fyrir fjóra. Gestum ber að koma með og nota rúmföt, utan um sængur og koddar og lök yfir dýnur, en bent er á að hægt er að fá rúmföt leigð hjá Securitas á Akureyri.

Íbúð 8C er á annarri hæð, með þvottavél í baðherbergi.

Íbúðir 10N og 10R eru á jarðhæð. Þær eru með verönd og hægt að ganga beint út í garð.

Þvottavél er í sameign.

Í hverri íbúð eru meðal annars eldavél, örbylgjuofn, ísskápur, ferðarúm og barnarúm, sem er mögulega geymt í geymslu. Gasgrill er í geymslu.

Til afþreyingar; sjónvarp, DVD-spilari og



hljómtæki með geislaspilara.

Umsjón með íbúðunum hefur Securitas-Akureyri ehf., Tryggvabraut 10, sími 460 6261.

Afhending og skil lykla eru hjá Securitas.

Ráðstafanir vegna COVID-19

Heimsfaraldurinn hefur haft nokkur áhrif á útleigu orlofshúsa og íbúða félagsins undanfarna mánuði. Vegna faraldursins hefur öllum húsunum tvívegis verið lokað tímabundið, að tilmælum sóttvarnaryfirvalda. Ekki er hægt að útiloka að það verði gert oftar í náinni framtíð, allt þar til tekist hefur að ná tökum á faraldrinum.

Húsin hafa ekki verið leigð út í miðri viku. Allnokkuð hefur verið leitað eftir því að fá húsin leigð til að nýta sem sóttkví, en það hefur ekki verið samþykkt.

Fólk er beðið um að fylgja leiðbeiningum um smitvarnir í húsunum, að spritta reglulega þá fleti sem fólk snertir og að þrifa sérstaklega vel við brottför. Jafnframt er skynsamlegt að sótthreinsa sem mest við komu til öryggis – svo sem dyrahúna, handföng vatnskрана og aðra algenga snertifleti.



Samkomulag um breytingar á vinnutíma

Í flestum kjarasamningum sem gerðir hafa verið undanfarið, eru ákvæði um breytingar á skipulagi vinnutíma. Gert er ráð fyrir að hver vinnustaður semji um útfærslu sem hentar bæði launafólki og atvinnurekendum. Sumar útfærslur geta leitt til styttingar vinnuvikunnar niður í allt að 36 virkar vinnustundir fyrir starfsfólk í 100% starfshlutfalli, án skerðingar á launum.

Meginmarkmiðin eru að bæta vinnustaðamenningu, auka sveigjanleika og stuðla að samræmingu fjölskyldu- og atvinnulífs. Þetta er mikilvægasta skref sem stigið hefur verið til styttingar vinnutímans, frá

því að dagvinnu var hætt á laugardögum og vinnuvikan var stytt í 40 stundir.

Nokkur dæmi um mögulegar útfærslur

Í meðfylgjandi dæmum er gert ráð fyrir að hefðbundin neysluhlé séu hluti af vinnudeginum og því ekki á forræði starfsmannsins. Þetta eru einungis dæmi valin af handahófi og útfærslurnar gætu verið með margskonar öðrum hætti.

Útfærslan bundin við vinnustaðinn


Þar sem vinnustaðir eru mjög misjafnir, verður breyting af þessu tagi ekki gerð með einni

samræmdri útfærslu. Því er lögð áhersla á að vinnustaðurinn sé grunneiningin og að útfærslan sé gerð í samvinnu starfsfólks og stjórnenda á hverjum stað.

Gert er ráð fyrir að á hverjum vinnustað sé sett á fót vinnutímanefnd sem undirbýr verkefnið, með því að safna upplýsingum og skilgreina mögulegar útfærslur. Ekki er gert ráð fyrir að nefndirnar séu fjölmennar, þótt máli skipti að þær endurspegli samsetningu starfsfólks á hverjum vinnustað. Lykilatriðið er að valin verði sú leið, sem hentar hverjum vinnustað.

Vinnutímanefndinni ber að funda með öllu starfsfólki og gefa því kost á að koma sínum


Stytting á hverjum degi



Dagleg stytting:

Hver vinnudagur stuttur í upphafi eða lok dags og hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnutímanum. Vinnutími gæti þá til dæmis verið frá kl. 8:00 - 15:12.

Stytting einu sinni í viku



Vikuleg stytting: Samfelld stytting tekin út á einum vinnudegi í viku og hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnutímanum. Vinnutími gæti þá til dæmis verið frá kl. 8 - 16 fjóra daga vikunnar en frá kl. 8 - 12 einn dag vikunnar.

Breytingar sem munu hafa góð áhrif á vinnumarkaðinn til lengri tíma litið

sjónarmiðum á framfæri. Ef starfsfólkið kys að fara í ítrustu styttingu, þannig að vinnuvikan verði 36 tímar, gefur starfsfólkið eftir forræði á öllum matar- og kaffitímum og þeir verða sveigjanlegir. Það þýðir ekki að matar- og kaffítímar verði ekki til staðar. Dæmi um þetta eru vinnustaðir með mötuneyti og kaffistofur. Þar mun starfsfólk áfram geta fengið sér hádegismat og tekið styttri hlé frá störfum. Í þeim tilvikum sem starfsfólk hefur bundna viðveru og kemst ekki frá nema það sé leyst

af, þarf að innleiða fyrirkomulag sem gerir ráð fyrir afleysingu á meðan matast er og til að fólk geti fengið sér kaffi eða staðið upp, fyrir og eftir hádegi.

Vilji starfsfólk halda óbreyttu fyrirkomulagi varðandi kaffitíma og matarhlé, þá styttest vinnuvikan um 65 mínútur á viku, eða 13 mínútur á dag, miðað við 100% starf.

Mikil tækifæri

Líklegt er að álitamál geti komi upp á á

einhverjum vinnustöðum í innleiðingarferlinu. Jafnframt má búast við að á einhverjum vinnustöðum henti ekki sú útfærsla sem valin var, þegar reynsla kemst á hana. Þá þarf einfaldlega að taka upp samkomulagið um útfærsluna og finna nýja útfærslu sem hentar betur. Þrátt fyrir slíka hugsanlega byrjunarörðugleika er óhætt að fullyrða, að til lengri tíma muni þetta viðtæka samkomulag hafa í för með sér miklar breytingar til batnaðar á íslenskum vinnumarkaði.

Stytting einn dag, aðra hvora viku um 480 mínútur

MÁNUÐUR: Dagurinn byrjar kl. 8:00				
MÁNDAGUR	ÞRIÐJUDAGUR	MIDVÍKUDAGUR	FIMMTUDAGUR	FÖSTUDAGUR
 16:00	 16:00	 16:00	 16:00	 16:00
 16:00	 16:00	 16:00	 16:00	 FRÍ
 16:00	 16:00	 16:00	 16:00	 16:00
 16:00	 16:00	 FRÍ	 16:00	 16:00

Hálfsmánaðarleg stytting: Samfelld stytting tekin út sem frídagur hálfsmánaðarlega og hefðbundin neysluhlé eru hluti af vinnudeginum. Vinnutími gæti þá til dæmis verið frá kl. 8 - 16 en frí tíunda hvern vinnudag eða tiltekna daga yfir árið.



Við söfnum upplýsingum

Nú stendur yfir átak Hlífar sem miðar að því að ná í sem flest netföng og farsímanúmer félagsmanna. Þetta skiptir máli til að geta komið upplýsingum með sem skjótustum hætti til félagsmanna og þegar við leitum eftir skoðunum og viðhorfum þeirra um einstök málefni.

Ef þú heldur að við eigum ekki netfangið þitt eða gsm númerið, sendu okkur línu á hlif@hlif.is, eða hringdu í 510 0800.





Góð ávöxtun en ýmsar áskoranir á Covid-19 ári

Um miðjan júní náðist loksins að halda ársfund Gildis en á þeim tíma náðu stjórnvöld og sóttvarnaryfirvöld tímabundið að halda Covid-19 faraldrinum niðri.

Þegar árið 2020 gekk í garð var víðast hvar fagnað enda ekki hægt að gera sér í hugarlund hvernig næstu mánuðir ættu eftir að þróast. Á fyrstu vikum ársins fóru landsmenn að heyra af Covid-19 og eftir fáeina mánuði hafði faraldurinn sett mark sitt á nánast alla þætti samfélagsins. Fjölmörg fyrirtæki berjast nú í bökkum vegna breyttra rekstrarskilyrða sem engin leið var að sjá fyrir. Ferðaþjónustan er hrunin, atvinnuleysi hefur sjaldan mælst meira, verðlag hefur hækkað og vaxtastig lækkað. Við fyrstu sýn er erfitt að ímynda sér að afkoma lífeyrissjóðs á borð við Gildi geti verið eitthvað annað en slæm við slíkar aðstæður enda er jú kreppa. En staðreyndin er samt önnur. Afkoman er fín.

Góð ávöxtun

Byrjum á stóru myndinni sem er þessi. Á fyrsta degi ársins 2020 voru eignir Gildis samtals 655,4 milljarðar króna. Tíu mánuðum síðar, það er á síðasta degi októbermánaðar 2020, voru eignirnar 727,3 milljarðar. Hrein nafnávöxtun á þessu tímabili var 11,3%, en hrein raunávöxtun, sem er nafnávöxtun að frádregnum kostnaði og verðbólgu, var 7,5%. Fjárfestingartekjur sjóðsins á tímabilinu voru ríflega 63 milljarðar króna, þar af voru gjaldmiðlatekjur tæpir 44 milljarðar. Þessar upplýsingar segja okkur að þrátt fyrir heimsfaraldur og heimskreppu hefur tekist að ávaxta eignir sjóðsins talsvert umfram

meðalávöxtun síðustu ára. Sem hljóta að teljast góðar fréttir.

Fjarvinnsla og breytt þjónusta

En það þarf einnig að halda til haga að heimsfaraldur Covid-19 hefur að sjálfsögðu haft áhrif á starfsemi Gildis. Þannig þótti nauðsynlegt að banna viðskiptavinum að heimsækja skrifstofur sjóðsins stóran hluta ársins, til að tryggja öryggi bæði viðskiptavina og starfsfólks. Starfsfólki hefur líka verið skipt upp þar sem hluti hópsins hefur á hverjum tíma unnið heima. Það var einnig gert með öryggi starfsfólks í huga og til að fylgja fyrirmælum sóttvarnaryfirvalda um allt niður í 10 manna samkomutakmarkanir. Þrátt fyrir þetta hefur

starfsfólk náð að halda úti fullri þjónustu við viðskiptavinum meðal annars með því að innleiða ný vinnubrögð og breyta verklagi.

Lykilstefið í því er aukin áhersla á stafræna þjónustu. Í byrjun ársins 2020 tók Gildi til að mynda í notkun nýjan sjóðfélagavef, þar sem sjóðfélagar fá á skýran og einfaldan hátt yfirlit um stöðu sína hjá sjóðnum, hvort sem um er að ræða réttindi í samtryggingardeild, inneign í séreignardeild, stöðu lána eða annað. Þar er einnig hægt að nálgast allar rafrænar umsóknir og meðal annars hægt að sækja rafrænt um lífeyri, sjóðfélagalán eða stofna séreignarsparnað.



Starfsfólki hefur verið skipt upp og hluti hópsins hefur á hverjum tíma unnið heima í fjarvinnu.

Breytt upplýsingagjöf í heimsfaraldri

Fundur með sjóðfélögum hafa einnig verið aðlagðir ástandinu sem og öll upplýsingagjöf. Fundur fulltrúaráðs Gildis, sem haldinn var í aðdraganda ársfundar, var til að mynda haldinn í gegnum fjárfundarbúnað síðasta vor. Nokkrum vikum síðar náðist loksins að halda ársfundinn sjálfan. Upphaflega átti fundurinn að fara fram 16. apríl en það var ekki fyrr en 16. júní 2020 sem það hafðist að lokum. Á þeim tíma náðu sóttvarnaryfirvöld og

stjórnvöld tímabundið að halda faraldrinum niðri og því voru samkomur á borð við ársfundinn heimilar. Í byrjun desember 2020 þurftu aftur að treysta á tæknina þegar haldinn var rafrænn kynningarfundur fyrir sjóðfélaga og fulltrúaráð. Á þeim fundi var farið yfir rekstur sjóðsins og fjárfestingar á Covid-19 ári. Glærur og kynningar framsögumanna sem notaðar hafa verið á kynningarfundum ársins má finna á heimasíðu sjóðsins, www.gildi.is.

Covid-19 aðgerðir stjórnvalda

Ofan á allt þetta var hluta af þeim efnahagslegu aðgerðum sem stjórnvöld gripu til í tengslum við útbreiðslu Covid 19, og áttu að aðstoða fyrirtæki og heimili landsins við að takast á við afleiðingar faraldursins, beint til lífeyrissjóða. Þannig var opnað fyrir sérstaka útgreiðslu á séreignarsparnaði vorið 2020. Í lok nóvember 2020 höfðu 374 sjóðfélagar nýtt sér þessa heimild og tekið útrúmlega 117,5 milljónir króna úr séreignardeild Gildis. Stjórnvöld heimiluðu einnig heimilum, sem lentu í greiðslufalli og sáu fram á vandræði við að standa skil á greiðslum af fasteignalánum, að frysta greiðslurnar tímabundið. Það úrræði náði einnig til Gildis sem hefur ásamt öðrum lífeyrissjóðum boðið upp á hagstæð húsnæðislán síðustu árin. Á síðustu mánuðum hafa 185 heimili fryst lán hjá Gildi og var verðmæti lánanna ríflega 5,4 milljarðar króna. Lántakendur einstakra lána geta verið fleiri en einn og oft er um að ræða bæði grunn- og viðbótarlán. Margir eru þegar byrjaðir að greiða af lánum sínum á ný eða hafa náð að endurfjármagna þau á síðustu mánuðum. Lánum í frystingu hefur því fækkað nokkuð og voru 104 talsins í lok október 2020.



Skrifstofur Gildis í Guðrúnartúni 1 í Reykjavík hafa verið lokaðar viðskiptavinum stóran hluta ársins vegna Covid-19.

Veislur & Fagnaðir



PINNA & TAPASRÉTTIR

Nú gefst þér tækifæri til að gleðja starfsfélaga, fjölskyldu og vini með konunglegum pinnamat frá Veislulist



Pinna- og tapasréttir eru afgreiddir á einnota fötum, klárt fyrir veisluborðið.

Næst þegar þið þurfið smurt brauð, pinna eða tapasrétti fyrir veisluna eða annan mannfagnað, hafið þá samband og fáið tilboð í veitingarnar þínar.

Sjá verð og verðdæmi á heimasíðu okkar www.veislulist.is

S: 555 1810

PANTIÐ TÍMANLEGA
veislulist@veislulist.is

Veislulist

Hólshraun 3 • 220 Hafnarfjörður • Símar: 555-1810, 565-1810 • Netfang: veislulist@veislulist.is • www.veislulist.is



SVONA VIRKA FRÆÐSLUSTYRKIR TIL EINSTAKLINGA OG FYRIRTÆKJA Á ALMENNA MARKAÐNUM

FRÆÐSLUSTYRKIR TIL EINSTAKLINGA

- Allir einstaklingar sem starfa á almenna markaðnum og eru í Verkalýðsfélaginu Hlíf mynda rétt til styrkja úr fræðslusjóðnum.
- Styrkhæft er allt starfstengt nám, svo sem skólagjöld vegna náms til eininga, bóklegur hluti ökunáms, meirapróf, vinnuvélaréttindi, tölvunám, tungumálanám, markþjálfun, netnámskeið, ráðstefnur sem tengjast starfi og fleira.
- Styrkhlutfall fer eftir áunnum rétti starfsmanns.
- Styrkur er allt að 90% af námskeiðsgjaldi en þó aldrei meira en 130.000 kr. á ári. Uppsafnaður ónotaður réttur í þrjú ár veitir rétt til allt að 390.000 kr. styrks.
- Upplýsingar um rétt og afgreiðslu umsókna fást hjá Verkalýðsfélaginu Hlíf og eru allir hvattir til að nýta sér rétt sinn og styrkja sig enn frekar í starfi og lífinu.

FRÆÐSLUSTYRKIR TIL FYRIRTÆKJA

- Fyrirtæki á almennum markaði með starfsfólk í Verkalýðsfélaginu Hlíf getur sótt um styrki vegna náms og fræðslu starfsfólks.
- Réttur fyrirtækis til að sækja um styrk myndast sjálfkrafa um leið og launatengd gjöld starfsmanns eru greidd.
- Styrkhæft er allt starfstengt nám, svo sem námskeið, meirapróf, vinnuvélaréttindi, íslenskunám, tölvunám, stjórnendabjálfun, öryggis- og gæðastjórnunarnámskeið og fleira.
- Hámark styrkfjárhæðar á ári til hvers fyrirtækis er 3 milljónir króna.
- Sjá nánar á www.starfsafl.is – og eru fyrirtæki hvött til að nýta þessa öflugu styrki.

starfsafl

Fræðslusjóður í eigu Eflingar stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar í Hafnarfirði, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Samtaka atvinnulífsins



Reiknaðu launin þín!

www.sgs.is

Svaraðu nokkrum léttum spurningum og fáðu rétt reiknaðan launaseðil á skjáinn.

Ný gagnvirk launareiknivél

Það er mikið hagsmunamál fyrir launafólk að geta farið yfir það með einföldum hætti hvort laun og aðrar greiðslur séu í samræmi við kjarasamninga, þ.e. kannað hvort launaseðill sé réttur.

Sett hefur verið upp reiknivél á vefnum, sem félagsmenn geta nýtt sér til að reikna út launin sín, kannað hvort launaseðlar séu réttir og annað það sem snertir margvíslegar launatengdar greiðslur.

Reiknivélin er einföld í notkun. Hægt er að reikna út laun miðað við kjarasamninga SGS á almennum markaði og samninga við ríki og sveitarfélög. Auk þess eru samningar Hlífarfólks sem starfar í álverinu í reiknivélinni.

Með reiknivélinni erum við að efla þjónustuna við félagsmenn og gera þeim auðveldara að gæta hagsmuna sinna og kjara.



Reiknivél

Farðu inn á heimasíðu Hlífar og smelltu á þetta merki til að komast inn á reiknivélina.



Starfsgreinasamband
Íslands



VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLÍF



Er ekki kominn tími til að spara?

Séreignarsparnaður er einn hagkvæmasti sparnaður sem völ er á.

Þægindi

- Launagreiðandi sér um að standa skil á sparnaðinum.
- Enginn upphafskostnaður.
- Heimilt að ráðstafa inn á höfuðstól húsnæðislána.
- Heimild til úttektar við kaup á fasteign (við ákveðin skilyrði).

Erfðaréttur

- Sparnaðurinn erfist að fullu til lögerfingja eftir reglum erfðalaga.

Skattahagræði

- Iðgjald í séreignarsjóð er ekki skattlagt við innborgun í sjóð.
- Tekjuskattur er greiddur við útgreiðslu sparnaðarins.
- Enginn fjármagnstekjuskattur er greiddur af vaxtatekjum.

Tryggðu þér 2% mótframlag frá launagreiðanda á móti 2% til 4% eigin framlagi.



Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík • Sími 515 4700 • www.gildi.is • gildi@gildi.is

Nýtt APP til að skrá vinnustundir og reikna launin!



Með einum smelli er hægt er að reikna út laun í appinu miðað við kjarasamninga SGS á almennum markaði, við ríki og sveitarfélög.

Hlíf er fyrst allra stéttarfélag á Íslandi og jafnvel í öllum heimi sem tekur í notkun app sem sér um tímaskráningu ásamt möguleikanum á að geta reiknað út laun félagsmanna sem starfa samkvæmt kjarasamningum.

Félagsmenn geta farið inn á heimasíðu Hlífar (verður virkt um áramótin), svarað nokkrum spurningum til að skrá sig fyrir appinu og notað það svo til að skrá unnar stundir. Appið er tengt

öllum kjarasamningum SGS og hefur allar helstu reiknireglur um vinnutímatil að styðjast við útreikning.


Curio App er tengt íslenska tímaskráningar kerfinu Curio Time frá UX design (*sjá: www.curiotime.is*) og hefur Hlíf gert samning um notkun á forritinu næstu 4 árin.

Til móts við framtíðina

Appið er ókeypis fyrir félagsmenn Hlífar og við hvetjum alla þá sem vilja hafa laun og tímaskráningu á hreinu að hala appinu niður á símann og nýta sér þessa nýjung hjá félaginu, frá og með áramótum.

Appið er enn eitt skrefið í að efla þjónustuna við félagsmenn og gera þeim auðveldara að gæta hagsmuna sinna.

Lærðu að nota appið..



1 = Vinnutími þinn
2 = Stimpla sig á milli verkefna
3 = Klukk inn og klukk út - takki
4 = Valmynd og tímaskýrslan þín

1 = Sendu þér PDF skýrslu
2 = **Reiknaðu laun þín**
3 = Breyttu vinnutíma

Appið sér um útreikning

Skoðaðu niðurstöður skv. reiknivél SGS og prentaðu útreikning þinn.

Vert að hafa í huga að mögulega er ekki hægt að ná utan um sérstakar kringumstæður og er félagsmönnum bent á að hafa samband við skrifstofu Hlífar ef frekari spurningar vakna.

Fyrrum stjórnarmenn sem hafa látist á árinu

Nokkrir fyrrum stjórnarmenn Hlífar og Framtíðarinnar hafa fallið frá á árinu. Sigurður T. Sigurðsson, fyrrum formaður lést 21. janúar. Hann var formaður Verkamannafélagsins Hlífar frá 1987 til ársins 1999, þegar Verkalýðsfélagið Hlíf varð til við sameiningu Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar og Verkamannafélagsins Hlífar. Eftir sameininguna varð Sigurður fyrsti formaður hins sameinaða félags, allt til ársins 2002. Áður hafði hann verið í stjórn Hlífar frá 1973-1978 og frá 1981 þar til hann varð formaður.

Formaður Hlífar sendi frá sér kveðjuna sem birtist á næstu síðu.

Auk þess létust eftirtaldir fyrrum stjórnarmenn á árinu.



Kolbeinn O. Sigurjónsson sat í stjórn Hlífar frá 1984, til ársins 2004. Á þessum tíma gegndi hann ýmsum störfum í stjórninni. Kolbeinn fæddist 12. september 1932, en lést þann 27. maí 2020. Kolbeinn var sæmdur gullmerki Hlífar á 100 ára afmæli félagsins.



Guðni Kristjánsson sat í stjórn Hlífar í um áratug, frá árinu 1971-1981 og gegndi ýmsum störfum á þeim tíma. Guðni fæddist í Hafnarfirði þann 27. ágúst 1937. Hann lést 13. nóvember 2020.



Þorbjörg Samúelsdóttir sat í stjórn Verkakvennafélagsins Framtíðarinnar frá árinu 1981 – 1994 og gegndi störfum ritara og varaformanns. Hún var fædd þann 6. mars 1934 og lést 2. október 2020. Þorbjörg var sæmd gullmerki Hlífar á 100 ára afmæli félagsins.

Styrkir hjá Starfsafli, Flóamennt og Námskeiðssjóði Vlf. Hlífar

Styrkir hjá Flóamennt, Starfsafli og Námskeiðssjóði Verkalýðsfélagsins Hlífar eru sem hér segir:

Árleg fjárhæð styrks er 130.000
Miðað er við að greitt sé allt að 75% af kostnaði.

(Hlutfallið hefur verið hækkað tímabundið í 90% vegna Covid-19)

Þriggja ára styrkur (ef félagsmaður hefur ekki sótt um styrk síðustu þrjú ár) er allt að 390.000 krónur fyrir eitt samfellt námskeið eða nám.

Tómstunda- og lífsleiknistyrkir eru 30.000 krónur.





Sigurður T. Sigurðsson

- minningarorð

*Ferðbúast verð ég, feigðin mig kallar,
dregur að kveldi, deginum hallar.*

*Lífs míns á himni lækka fer sólín,
færðina þyngir, fýkur í skjólin.*

Þannig orti Sigurður T. Sigurðsson, eða Siggí T. eins og hann var alltaf kallaður, fyrir nokkrum árum. Þetta er hið fyrsta af nokkrum erindum í ljóðinu *Hérvistardvölin*. Sigurður stóð í stafni í kjarabaráttu hafnfirskis launafólks í áráðir og margir muna eftir honum fara fyrir kröfugöngu félaganna í bænum á 1. maí, með rauða fánann á lofti.

Sigurður fór snemma að vinna, eins og tíðkaðist á þessum árum, fyrst hjá Kaupfélagi Hafnfirðinga árið sem hann fermdist. Hann lauk síðan námi frá Flensborg árið 1949 og fór þegar að vinna fyrir sér.

Siggí T. kynntist verkalýðsmálum ungur að árum, en faðir hans sat í stjórn Hlífar 1940-1950. Það hefur vafalítið sett mark sitt á barnið og unglinginn á því tímabili sem skoðanir og viðhorf til lífsins og tilverunnar mótafst einna mest. Hann gekk strax í félagið hann lauk námi 1949 og var félagsmaður óslitið þaðan í frá, ef undan eru skilin tímabil þegar hann var á sjó, eða vann á Keflavíkurflugvelli. Þá var hann félagsmaður í öðrum verkalýðsfélögum.

Sigurður hóf störf í álverinu í Straumsvík síðsumars 1972 og var strax kjörinn trúnaðarmaður. Í álverinu starfaði hann til 1981,

þegar hann hóf störf á skrifstofu Hlífar, þar sem hann var til ársins 2007. Sigurður var fyrst kjörinn í stjórn félagsins árið 1973 og var stjórnarmaður í um 30 ár, ekki óslitið þó. Hann var formaður Verkamannafélagsins Hlífar frá 1987 til 1999, er félagið sameinaðist Verkakvennafélaginu Framtíðinni og var síðan formaður hins sameinaða félags, Verkalýðsfélagsins Hlífar, til ársins 2002.



Sigurður var vel ritfær og skrifaði fjölda greina í bæjarblöð og landsmálablöð, auk þess að ritstýra blaði félagsins, Hjúlmur, með miklum myndarbrag. Viðfangsefnin voru fjölbreytt, en snertu þó oftast hagsmuni launafólks. Hann skrifaði ótal greinar gegn verðtryggingu, okurvöxtum og sérhagsmunum í hvaða mynd

sem þeir birtust. Hann skrifaði þó fleira en greinar í blöð, því eftir hann liggur nokkuð af ljóðum og lausavísum, sem flest er óbirt. Þar kemur vel í ljós hve blíður og auðmjúkur hann var gagnvart lífinu og sem lífinu fylgir, þar með talið dauðanum.

Siggí T. var ekki hávaxinn maður, en fólk tók eftir honum þar sem hann kom. Hann var léttur á fæti og snaggaralegur í hreyfingum. Hann var þægilegur í viðmóti og fór ekki í manngreinaralit, mátti ekkert aumt sjá og tók alltaf málstað þeirra sem minna máttu sín.

Við Siggí T. unnum saman um árabíl. Ég kynntist honum þegar ég vann í Straumsvík og var trúnaðarmaður og enn betur eftir að ég hóf störf á skrifstofunni árið 1995, við hlið hans. Við vorum ekki alltaf sammála og stundum hvein í, en það varði aldrei lengi.

Fyrir hönd Verkalýðsfélagsins Hlífar þakka ég Siggá T. fyrir störf hans í págu félagsins og hafnfirskis verkafólks. Það er viðeigandi að enda þessi kveðjuorð á síðustu línunum í ljóði Sigurðar *Hérvistardvölin*.

*Þegar svo lýkur lífsgöngu minni,
sáttur ég sofna síðasta sinni.*

*Kolbeinn Gunnarsson, formaður
Verkalýðsfélagsins Hlífar*

Framtíðin er hér og nú



Það eru miklar og örar breytingar í vinnuumhverfinu og sumar verðum við frekar vör við en aðrar. Það þykir sjálfsagt að dæla sjálfur á bílinn, fara í hraðbanka eða á sjálfsafgreiðslukassa í verslunum svo dæmi séu tekin. Þetta eru hinsvegar dæmi um breytingar á störfum og breytingar af þessu tagi eiga sér stað víða og hafa áhrif; störf leggjast af, störf breytast og ný störf verða til. Fjórða iðnbyltingin er mætt.

Fjárfesting í þjálfun og þróun er lykillinn að því að takast á við breytingar á störfum, mögulegar hindranir og skort á þekkingu og færni innan vinnustaða, hvort heldur um stofnanir eða fyrirtæki er að ræða. Það er sérstaklega mikilvægt í ljósi umræðunnar um fjórðu iðnbyltinguna og mikilvægi þess að starfsfólk sé undirbúið. Markaðsforskot í dag snýst um færni og þekkingu starfsfólks. Það er því mikilvægt að sofna ekki á verðinum.

Þeir sem til þekkja spá því að um 80% núverandi starfa verði meira eða minna sjálfvirknivædd á næstu tveimur áratugum. Þau störf breytast eða hverfa. Það má hinsvegar ekki gleyma því að auðveldara er að sjá hvernig núverandi störf geta tapast vegna sjálfvirkni en að ímynda sér hvernig ný störf geta komið fram einhvern tíma í framtíðinni. Það er í raun ómögulegt að hugsa sér hvaða störf verða, við eigum erfiðara með að spá fyrir um það.

Er þinn vinnustaður í stakk búinn til að takast á við breytingar?

Mikil tækifæri felast í sjálfvirknivæðingu en þeim tækifærum fylgja líka ógnir. Í því samhengi er

vert að rýna hæfnibil starfsfólks og starfa og hvernig hægt sé að brúa það bil með fræðslu og þjálfun, en hæfnibil er mismunurinn á hæfni sem þörf er á innan vinnustaðar og þeirrar hæfni sem starfsfólk hefur yfir að ráða.

Að framkvæma greiningar á hæfnibili er mikilvægt til að bera kennsl á þá hæfni sem nauðsynleg er til að mæta þörfum starfsfólks og þróun starfshópsins samhliða stefnu, markmiðum og framtíðarsýn fyrirtækisins.

Ef litið er til Bretlands má sjá vísbendingar um að atvinnurekendur séu að fjárfesta minna í þjálfun og fræðslu starfsfólks en gert var fyrir 20 árum. Í því samhengi er meðal annars bent á að sá tími sem hver starfsmaður ver í fræðslu á ári hefur dregist töluvert saman. Það sem er athyglivert og sannarlega áhyggjuefni er að sú fræðsla sem er sótt, er annað hvort lögbundin, snertir þætti sem snúa að heilsu og öryggi og annað það sem getur verið nauðsynlegt fyrir rekstrarhæfi fyrirtækisins eða snýr að almennri nýliðafræðslu. Það má ekki draga úr vægi þessa eða mikilvægi en það má sannarlega hafa af því áhyggjur hvort verið sé að mæta hæfnipörf starfsfólks og búa það undir breytingar á störfum þess.

Frá því að Starfsafl tók til starfa hefur verið stigvaxandi vöxtur í fjölda umsókna frá fyrirtækjum. Hinsvegar er það áhyggjuefni að hluti af þeim vexti sem á sér stað, er eins og í Bretlandi, vegna lögbundinnar fræðslu og fræðslu sem hefur með rekstrarhæfi að gera.

Það er hætta á því að atvinnurekendur sem þurfa að fjárfesta í lögbundinni fræðslu láti þar við sitja, enda það eitt og sér oft flókið og kostnaðarsamt, og fjárfesti ekki frekar í sínu starfsfólki.

Það eru tvær leiðir til að mæta þeirri hæfni sem upp á vantar, þjálfun eða nýráðning. Rétt þjálfun getur hjálpað til við að að loka eyðum milli núverandi og æskilegs hæfnistigs og þannig séð til þess að fyrirtækið og starfsfólk þess sé í stakk búið til að mæta verkefnum morgundagsins. Að því sögðu er fjöldi fyrirtækja sem þjálfar sitt starfsfólk til að mæta hæfnibilum. Í einhverjum tilfellum getur það verið kostnaðarsamt að fara þá leið að þjálfna í lausar eða nýjar stöður en það er oftast en ekki hagkvæmara en nýráðning.

Í minni fyrirtækjum er það auðveldlega á færi þeirra sem fara með mannauðsmál að greina þessar þarfir og setja í gang fræðsluáætlun en sé þess ekki kostur, má fá inn ráðgjafa en fjöldi ráðgjafa veitir aðstoð við hæfnigreiningar og þá er Fræðslustjóri að láni kjörin leið. „Fræðslustjóri að láni“ felur í sér fræðslu- og mannauðsráðgjafa, sem greinir fræðsluþarfir fyrirtækisins og semur fræðsluáætlun byggða á greiningunni.

Ert þú að horfa til framtíðar?

Sá sem vill vera á vinnumarkaði þarf að rýna í eigin hæfni og getu og sækja sér þá fræðslu og þjálfun sem nauðsynleg er til framþróunar. Fjárfesting í þjálfun og þróun er lykillinn að því að takast á við hindranir og skort á þekkingu og færni.

Að því sögðu hvetur Starfsafl fyrirtæki og einstaklinga til að nýta sér áunninn rétt hjá sjóðnum, horfa til framtíðar og fjárfesta í fræðslu og þekkingu. Ábyrgðin er allra.

Lísbet Einarsdóttir.



Hægeldað LAMBALÆRI

Tími: 120 mínútur

LAMBALÆRI

1 stk. lambalæri
4 msk. olía/smjörlíki.
1 stk. stór laukur (gróf-skorinn).
8 stk. hvítlauks-geirar.
Krydd: Salt, pipar og/eða kryddjurtir eftir smekk.

SÓSA

500 ml soð af lærinu (sigtað).
2 msk. hveiti.
Sósulitur.

AÐFERÐ

Hitið ofninn í 130 °C.
Lærið ásamt lauknum og olíu látið í eldfast form með loki.
Setjið formið í ofnin og látið krauma í um tvær klukkustundir.
Sigtið þá soðið frá í pott og hækkið ofnin í 200 °C og steikið lærið þannig í tíu mínútur.
Bætið hveiti í soðið og látið sjóða í 10 mínútur. Dekkið sósuna með sósulit og smakkið til með salti og pipar ef þarf.

MEDLÆTI

Berið fram með sykurbínuðum kartöflum.
Grænar baunir, rauðkál eða annað grænmeti eftir smekk.



Frönsk SÚKKULAÐIKAKA

BOTN

2 dl sykur.
200 g smjör.
200 g suðusúkkulaði.
1 dl hveiti.
4 stk egg.

SÚKKULAÐIKREM

150 g suðusúkkulaði.
70 g smjör.
Um ½ dl. rjómi.

AÐFERÐ FYRIR BOTN

Þeytið egginn og sykurinn vel saman. Bræðið smjörið og súkkulaðið saman yfir vatnsbaði. Blandið hveitinu saman við egginn og sykurrinn. Bætið bráðnu súkkulaðinu og smjörinu að lokum varlega út í deigið.
Smyrjið tertuform vel og bakið við 170 °C í 30 mínútur.

AÐFERÐ FYRIR KREM

Látið allt saman í skál og bræðið saman yfir vatnsbaði. Látið kólna svolítið og berið kremið síðan á kökuna þegar hún hefur kólnað.
Það er gott ef kakan er blaut í miðjunni.
Gott er að bera fram með rjóma eða ís og jafnvel ferskum ávöxtum og/eða berjum.

Verði ykkur að góðu.



Heimili: _____ Lausnarorð: _____